

## Lífskjararannsókn Hagstofunnar (LKR)

### Spurningalisti 2004 með skýringum og leiðbeiningum til spyrta (*endanl. gerð*)

**Inngangur** Hér er um að ræða rannsókn á lífskjörum Íslendinga (vinnuheiti LKR). Lífskjararannsóknir eru rannsóknir á **1.** hvernig háttáð er lífskjörum fólks og **2.** hvernig þau dreifast.

**1.** Lífskjör eru skilgreind í könnunum af þessu tagi í eftirfarandi sjö flokka. **I.** Tekjur og hvernig þeirra er aflað. Þar koma til upplýsingar um stöðu á vinnumarkaði og vinnutíma, lífeyris- og bótagreiðslur sem móttækjar eru og stuðningsgreiðslur frá öðrum heimilum. **II.** Húsnæði. Þar er leitað upplýsinga um stærð gerð og ástand húsnæðis, um hvort um eigið húsnæði er að ræða eða leiguhúsnæði og loks um húsnæðiskostnað. **III.** Eign varanlegs neysluvarnings (bifreiðar, heimilistæki o.s.frv.). **IV.** Gæsla og skólagönga barna með tilliti til möguleika beggja foreldra til atvinnuþátttöku. **V.** Almennt sjálfsmat svaranda á heilbrigðisástandi sínu. **VI.** Mat á eigin útgjöldum og stöðu, t.d. hvort “nái endum saman”. **VII.** Hver er menntun svarenda.

Af þessum sex flokkum taka aðeins tveir til huglægra þátta, þ.e. í þeim felst mat svaranda. Í hinum tilvikunum er um að ræða upplýsingar um staðreyndir. **Hér er ekki um að ræða lífsgilda- eða lífsskoðanarannsókn, heldur er verið að leita upplýsinga um stöðu svaranda og heimilis hans.**

**2.** Með dreifingu lífskjara er átt við að niðurstöður rannsókna af þessu tagi gefa möguleika á að skoða hvernig lífskjörum einstakra hópa bæði heimila og einstaklinga er háttáð. Hvernig skiptast lífskjör eftir kyni, aldri, búsetu, starfstöðu o.s.frv. **Hvernig er háttáð samspili heimila, vinnumarkaðar, menntakerfis og lífeyriskerfa.**

**Spurningalistinn** Spurningar í lífskjararannsókn þessari taka mið af því að hægt sé að senda gögn í stöðluðu formi til Hagstofu Evrópusambandsins í samræmi við samninga um Evrópska efnahagsvæðið. **Í öllum löndum Evrópska efnahagsvæðisins (EES) er verið að gera sambærilegar rannsóknir. Auðvelt verður því að bera saman niðurstöður milli landa.**

<b>Efnisyfirlit:</b>	<b>Fyrri hluti – Valinn svarandi</b> .....2
	Íbúar á heimili.....3
	Staða á síðasta ári.....4
	Vinna í síðustu viku.....5
	Starslýsing – aðalstarf .....6
	Ráðningarsamband .....8
	Vinnutími í aðalstarfi .....8
	Aukastörf .....9
	Reynsla á vinnumarkaði.....10
	Skólaganga og menntun.....11
	Heilsa.....12
	<b>Síðari hluti – Heimilissvarandi</b> .....13
	Hver svarar.....13
	Húsnæði, umhverfi og húsnæðiskostnaður.....14
	Efnahagur.....17
	Aðrir 16 ára og eldri á heimili, staða og menntun .....20
	Börn 12 ára og yngri.....25
	Núverandi heimilisfang og lok.....26
	<b>Að taka viðtal (leiðbeiningar)</b> .....27

**Úrtak** Úrtak könnunarinnar eru fjögur 1.000 manna tilviljanna úrtök úr þjóðskrá 16 ára og eldri sem búa á einkaheimilum. Af þessum 4.000 verða 3.000 spurðir aftur að ári, en þá verða spurningarnar mun færri.

**Bannmerkingar** Rannsóknin nýtur heimildar Persónuverndar sem vísindarannsókn þannig að ekki þarf að taka tillit til bannmerkingar, hvorki í þjóðskrá né í símaskrá. **Engum er þó skylt að taka þátt.**

**Kynningarbréf** Öllum væntanlegum þátttakendum er sent bréf og bæklingur nokkru áður en rannsóknin hefst þar sem tilgangur hennar er útskýrður og samvinnu þeirra er óskað

## Spurningalisti með skýringum

### FYRRI HLUTI – VALINN SVARANDI

#### ÍBÚAR Á HEIMILI

P01) Hver er viðmælandi:

- 1 “ ..... ” (nafn svaranda)
- 2 Annar svarar fyrir “ ..... ”
- 3 Túlkur aðstoðar “ ..... ”

Fyrst eru nokkrar spurningar um hverjir búa á heimilinu og hvernig þeir tengjast þér.

Hm01) Hversu margir eru í heimili þínu að þér meðtöldum / talinni?

- 0 ekki einkaheimili .....Hm02  
 — fjöldi á heimili .....Hm04

Hm02) Hvers konar stofnun?

- 1 Heimavist
- 2 Sjúkrahús
- 3 Hæli eða sambýli
- 4 Klaustur
- 5 Verbúð og vinnubúðir
- 9 Annað (t.d. fangelsi og gistiheimili)

Hm04) Er einhver af eftirfarandi ekki á heimilinu?

**SPYRILL!!!** Merktu bara við þá sem búa **EKKI** á heimilinu – Engar breytingar = ENTER

- 1  **BÝR EKKI MEÐ NEINUM ÞESSRAR!**  
Forskráður listi yfir heimilismenn:
- 2  Fullt nafn og aldur í árum aftan við
- 3  - “ -
- 4  - “ -  
o.s.frv. allt að 14 einstaklinga

#### Á heimili

Til heimilis teljast allir þeir sem búa undir sama þaki og hafa sameiginlegt heimilishald. Einstaklingar sem dveljast tímabundið annars staðar og snúa aftur til heimilisins að dvöl lokinni teljast einnig til heimilisins. Til dæmis, börn í heimavistaraskólum, sjómenn, þeir sem eru á sjúkrahúsi eða í fangelsi og þeir sem vinna langdvölum í burtu t.d. í Karahnjúkum

Ef í svari við spurningu um **fjölda á heimili** (Hm01) er **hærri tala** en nemur þeim sem eru forskráðir samkvæmt þjóðskrá (eða eftir leiðréttingu svaranda á forskráðum) er farið á Hm09 annars Hm16. Sbr. mynd hér fyrir neðan. Einstaklingar 2 til 6 eru forskráðir, en sá 7 er “nýr” og bæta þarf inn upplýsingum um hann, spurningar Hm09 til Hm15 hér aftan við.

20010003 4 Erla Þorsteinsdóttir, 39 ára, Skólaleitni 1 í Bláskógabyggð  
Sími:

Hvað heitir hann / hún ?

nafn	kyn	Fæðár	aldur	VinAld	Tengsl	Hjú
Heimilsmaður[2] Pálmi Hilmarsson	1	1964		1	1	2
Heimilsmaður[3] Berglind Pálmadóttir	2	1988		2	2	1
Heimilsmaður[4] Ástrós Pálmadóttir	2	1996		2	2	1
Heimilsmaður[5] Andrés Pálmason	1	2000		2	2	1
Heimilsmaður[6] Glódis Pálmadóttir	2	2000		2	2	1
Heimilsmaður[7]			?			
Heimilsmaður[8]						
Heimilsmaður[9]						

Hm09 | 24.2.2004 | 16:07:00

## ÍBÚAR Á HEIMILI, FRH.

Hm09) Hvað heitir hann / hún?

Heimilismaður nr. ....Hm10  
- " - o.s.frv. eins og þarf

Hm10) Hvert er kyn hans / hennar?

- 1  Karl .....Hm11  
2  Kona.....Hm11

Hm11) Hvaða ár er hann / hún fædd?

? "veit ekki" (ctrl-V) .....Hm13  
 fæðingarár.....Hm14

Hm13) Er hann / hún milli 16 og 74 ára ?

- 1  Já.....Hm14  
2  Nei.....Hm14

Hm14) Hvernig er hann tengdur / hún teng þér ?

- 1  Maki ..... Hm15  
2  Barn (svaranda og/eða maka) ..... Hm15  
3  Systkini..... Hm15  
4  Systkinabarn ..... Hm15  
5  Foreldri ..... Hm15  
6  Afi / amma..... Hm15  
7  Tengdaforeldri ..... Hm15  
8  Tengdabarn ..... Hm15  
9  Mágur / mágkona ..... Hm15  
10  Barnabarn ..... Hm15  
11  Annar ættingi..... Hm15  
12  Óskyldur ..... Hm15

Hm15) Hver er hjúskaparstaða hans / hennar?

- 1  Hefur ekki kvænst / gifst ..... Hm16  
2  Kvæntur / giftur ..... Hm16  
3  Í óvígðri sambúð ..... Hm16  
4  Fráskilinn / in ..... Hm16  
5  Ekill / ekkja ..... Hm16

Hm16) Er einhver heimilismanna tímabundið að heiman?

- 1 heimNafn[2]  
2 heimNafn[3]  
o.s.frv.

<b>Að heiman</b>	Einstaklingar sem dveljast tímabundið annars staðar og snúa aftur til heimilisins að dvöl lokinni teljast einnig til heimilisins. Til dæmis, börn í heimavistarskólum, sjómenn, þeir sem eru á sjúkrahúsi eða í fangelsi og þeir sem vinna langdvölum í burtu t.d. í Kárahnjúkum
<b>Tengsl</b>	Með <b>barni</b> er bæði átt við eigin börn og börn maka. Með <b>foreldri</b> er átt við bæði blóðforeldra og stjúpfóreltra. Ef <b>svili / svilkona</b> þá fært á <b>mágur / mágkona</b> .
<b>Hjúskaparstaða</b>	Hér er átt við lagalega skigreiningu nema þegar um óvígða sambúð er að ræða. Sambúðin þarf ekki að vera skráð hjá Hagstofu Íslands/Þjóðskrá heldur nægir að viðkomandi telji sig vera í sambúð.

## STAÐA Á SÍÐASTA ÁRI

E02) Nú ætla ég að spyrja þig um stöðu þína og fyrst er spurning um síðasta ár það er frá janúar til desember 2003. Varstu í einhverri af eftirtöldum stöðum á árinu:

- 1  Í fullu starfi (eingöngu)..... E03
- 2  Í hlutastarfi (eingöngu)..... E04
- 3  Í tveimur störfum samtímis ..... E05
- 4  Í fæðingarorlofi ..... E06
- 5  Atvinnulaus..... E07
- 6  Í námi ..... E08
- 7  Í fullu starfi og námi ..... E09
- 8  Í hálfu starfi og námi ..... E10
- 9  Lífeyrisþegi, elli- eða örorkulífeyrisþegi..... E11
- 10  Heimavinnandi ..... E12
- 11  Veikur ..... E13
- 12  Annað ..... E14

E03) Í hve marga mánuði varstu í fullu starfi?

\_\_\_ Í fullu starfi

E04) Í hve marga mánuði varstu í hlutastarfi?

\_\_\_ í hlutastarfi

E05) Í hve marga mánuði varstu í tveim störfum samtímis?

\_\_\_ Í tveim störfum samtímis

E06) Í hve marga mánuði varstu í fæðingarorlofi?

\_\_\_ Í fæðingarorlofi

E07) Í hve marga mánuði varstu atvinnulaus?

\_\_\_ Atvinnulaus

E08) Í hve marga mánuði varstu í námi?

\_\_\_ Í námi

E09) Í hve marga mánuði varstu samtímis í fullu starfi og námi?

\_\_\_ Í fullu starfi og námi

E10) Í hve marga mánuði varstu samtímis í hlutastarfi og námi?

\_\_\_ Í hlutastarfi og námi

E11) Í hve marga mánuði varstu lífeyrisþegi?

\_\_\_ Lífeyrisþegi

E12) Í hve marga mánuði varstu heimavinnandi?

\_\_\_ Heimavinnandi

E13) Í hve marga mánuði varstu veikur og því ófær til vinnu?

\_\_\_ Ófær til vinnu

E14) Í hve marga mánuði stóð það?

\_\_\_ Mánuðir í öðru .....E15

E15) Hvað var það?

\_\_\_\_\_ Hvað annað

L01) Fékkstu greiddan lífeyri á síðasta ári, það er frá janúar til desember, frá Tryggingarstofnun og / eða lífeyrissjóði?

- 1  Já ..... L02
- 2  Nei.....A02

L02) Hvort voru lífeyrisgreiðslurnar frá Tryggingarstofnun, lífeyrissjóði eða frá báðum stöðum?

- 1  Tryggingarstofnun ..... L03
- 2  Lífeyrissjóði ..... L04

L03) Í hve marga mánuði fékkstu lífeyri frá Tryggingarstofnun?

\_\_\_ MánuðirTR ..... L05

L04) Í hve marga mánuði fékkstu lífeyri frá lífeyrissjóði?

\_\_\_ Mánuðir lífeyrissj ..... L05

L05) Hvaða lífeyrir er það?

- 1  Endurhæfingarlífeyrir .....A01
- 2  Örorkustyrkur.....A01
- 3  Örorkulífeyrir.....A01
- 4  Makalífeyrir.....A01
- 5  Ellilífeyrir.....A01
- 6  Annað ..... L06

L06) Hvað annað?

Aðrar lífeyrisgr.: \_\_\_\_\_

### Staða á síðasta ári

Athugið að viðkomandi getur verið í fullu starfi í 12 mánuði, hlutastarfi í 3 mánuði og þessvegna í tveim störfum í 3 mánuði líka. Einnig gæti hann hafa verið 6 mánuði í skóla líka.

## VINNA Í SÍÐUSTU VIKU

Nú koma spurningar um stöðu þína í dag.

A01) Varstu að vinna fyrir launum í síðustu viku í eina klst. eða lengur?

- 1  Já ..... A08  
2  Nei ..... A02

A02) Varstu einhverja daga fjarverandi frá vinnu í vikunni vegna veikinda, frídaga eða annarra hluta vegna?

- 1  Já ..... A08  
2  Nei ..... (ef A01 = 2 þá A03, en ef A01 = 1 þá A08)

A03) Líturðu aðallega á þig sem...

- 2  Námsmann ..... I01  
3  Hættan að vinna vegna aldurs ..... I01  
4  Öryrkja eða fatlaðan ..... I01  
5  Heimavinnandi án launaðrar vinnu ..... I01  
6  Í fæðingarorlofi ..... I01  
7  Atvinnulausan ..... I01  
8  Veikan eða tímabundið ófæran til vinnu ..... I01  
9  Annað ..... I01

A05) og A06) sleppt frá 18/3 '04

A05) Hvers vegna varstu fjarverandi í síðustu viku?

- 0  Veður ..... A08  
1  Minna að gera/verkefnaskortur ..... A08  
2  Vinnudeila ..... A08  
3  Skóli ..... A08  
4  Veikindi ..... A06  
5  Fæðingar- og foreldraorlof ..... A08  
6  Frí ..... A08  
7  Vinnuskipti ..... I01  
8  Árstíðabundið starf ..... A08  
9  Vinnuskiptulag ..... A08  
10  Misjafnt að gera ..... A08  
11  Aðrar ástæður ..... A08  
Sláðu inn leitartexta (ítarlegra val)

A06) Hvað varstu marga daga frá vinnu vegna veikinda í síðustu viku?

..... Veikindadagar ..... A08

A08) Varstu ráðinn í fleira en eitt starf í síðustu viku?

- 1  Já ..... B01  
2  Nei ..... B01

<b>Síðasta vika</b>	Með síðustu viku er átt við síðustu 7 daga frá deginum í dag þegar þú ert að tala við viðkomandi. Með launum er átt við hverskonar atvinnutekjur
<b>Ekki vinna í A02</b>	Ef viðkomandi er yfir höfuð ekki í vinnu getur hann ekki verið fjarverandi frá vinnu í spurningu A02 og þá er svarað nei þar. En ef hann er fjarverandi frá vinnunni sinni einhverra hluta vegna þá er svarað já þar.
<b>Fjarvera frá vinnu</b>	Fólk telst tímabundið fjarverandi frá vinnu ef það er formlega ráðið í starf og eftirfarandi atriði eiga við: 1. Laun falla ekki niður þrátt fyrir fjarveru. 2. Hefur tryggingu fyrir því að geta gengið aftur í starf sitt eftir fjarveruna. 3. Þarf ekki að ganga í önnur störf fyrir atvinnurekandann.

## STARFSLÝSING - AÐALSTARF

Nú ætla ég að spyrja nánar um það sem þú telur vera aðalstarf þitt.

B01) Ertu launþegi eða sjálfstætt starfandi?

- 1  Launþegi ..... B05  
 2  Sjálfstætt starfandi ..... B02  
 3  Hvorugt ..... B04

B02) Varstu með starfsmenn á launum í síðustu viku?

- 1  Já ..... B05  
 2  Nei ..... B05

B03) sleppt frá 18/3 '04

B03) Hversu marga?

\_\_\_\_\_ Launaðir starfsmenn ..... B05

B04) Hvorugt nánar?

\_\_\_\_\_ Hvorugt nánar ..... B05

B05) Í hvaða sveitarfélagi vinnur þú?

\_\_\_\_\_ Sláðu inn leitartexta

B06) Hjá hvaða fyrirtæki vinnur þú?

\_\_\_\_\_ Nafn fyrirtækis

B07) Hver er starfsemi fyrirtækisins aðallega?

\_\_\_\_\_ Flettu upp viðeigandi kóða með því að ýta á BILSTÖNG

B06a) sleppt frá 18/3 '04

B06a) Er fyrirtækið í eigu einhvers á heimilinu?

- 1  Já ..... B08  
 2  Nei ..... B08

<b>Launþegi</b>	Fær greitt frá öðrum aðila fyrir vinnu sína, hvort heldur sem er með launum eða fríðu. Gerviverktaki telst til launþega.
<b>Sjálfstætt starfandi</b>	Þeir sem reka fyrirtæki á eigin kennitölu eða í einkahlutafélagi sem þeir eða fjölskyldan þeirra eiga að mestu eða öllu leyti. Sömuleiðis þeir sem eiga í sameignarfélagum með öðrum, s.s. t.d. lögfræðingar á lögfræðistofu.  Forstjórar í hlutafélögum (ath. ekki einkahlutafélag) teljast launþegar, þó svo þeir eigi allt eða meirihluta hlutfjár.
<b>Fjöldi starfsmanna á launum</b>	Hér á ekki að telja með ólaunaða fjölskylduhjálp.
<b>Nafn fyrirtækis</b>	Einungis er spurt um nafn fyrirtækis til að auðvelda atvinnugreinaflokkunina og er nafnið ekki notað til annarra hluta.
<b>Sveitarfélag</b>	Hér er átt við hvar viðkomandi vinnur en ekki hvar höfuðstöðvar fyrirtækisins eru. Dæmi: starfsmaður Landsbankans á Raufarhöfn vinnur á Raufarhöfn en ekki í Reykjavík þó höfuðstöðvar fyrirtækisins séu þar. Ef viðkomandi vinnur á mörgum stöðum ber að spyrja um bækistöð/aðalvinnustöð.
<b>Starfsemi fyrirtækisins/ Atvinnugreinaflokkun</b>	Ef um fleiri en einn vinnustað er að ræða skal miða við vinnustað svaranda. Vinnustaður er öll starfsemi á lóðinni, ekki bara deild viðkomandi. Dæmi: spyrill í þessari könnun nefnir starfsemi Hagstofunnar í heild sinni en ekki einungis könnunardeildar (þ.e. hagskýrslugerð).  Sé fyrirtækið með fjölpætta starfsemi sem nær yfir margar atvinnugreinar, er miðað við rekstrareiningu. Dæmi: starfsmaður vinnur hjá Vífilfelli á Akureyri við bjórframleiðslu. Vífilfellur rekur gosdrykkja-, bjór- og ávaxtasafaverksmiðju. Þar sem viðkomandi vinnur við bjórframleiðslu flokkast atvinnugreinin sem slík.
<b>Fyrirtæki í eigu einhvers á heimili</b>	Ef spyrill veit að fyrirtækið er ríkisstofnun, hlutafélag, sjálfseignarstofnun eða viss um að enginn á heimilinu eig það má sleppa að spyrja þessarar spurningar og svara nei.

## STARFSLÝSING – AÐALSTARF, FRH.

Ef B01=launþegi þá B08

B08) Hversu margir starfa á vinnustað þínum ? \_\_\_\_\_

B09) Hvert er starfsheiti þitt? \_\_\_\_\_

Ef B08 = óþekkt þá B08b

B08b) Á hvaða bili er starfsmannafjöldinn?

- 1  1 - 10 starfsmenn  
 2  11 - 19 starfsmenn  
 3  20 - 29 starfsmenn  
 4  30 - 49 starfsmenn  
 5  50 - 99 starfsmenn  
 6  100 - 199 starfsmenn  
 7  200 - 499 starfsmenn  
 8  500 starfsmenn ofl.

B10) Hver eru helstu verkefni? \_\_\_\_\_

Ef B01=1 og B08 ekki =1 þá sp. B11

B11) Skipuleggur þú eða stjórnar verkum annarra starfsmanna?

- 1  Venjulega  
 2  Stundum  
 3  Aldrei

<b>Fjöldi starfsmanna á vinnustað</b>	Vinnustaður er allt fyrirtækið ef það er á einum stað annars skal miða við rekstrareininguna. Dæmi: Hagstofan var starfrækt í 2 húsum en á sama svæði og teljast því starfsmenn í báðum húsum til fjölda starfsmanna á vinnustað. Landsbanka starfsmaður á Raufarhöfn telur hins vegar fjölda starfsmanna í sínu útibúi.
<b>Starfsheiti</b>	Við starf flokkun skiptir miklu máli að fá fram nákvæmt starfsheiti. Dæmi: umönnun aldraðra en ekki bara umönnun, kynningarfulltrúi en ekki bara fulltrúi, háseti á línubát en ekki bara sjómaður.
<b>Helstu verkefni / Starfslýsing</b>	Helstu verkefni í starfi eru grundvöllur starf flokkunarinnar. Rafeindavirki getur sinnt mjög ólíkum störfum og starfsheitið eitt og sér dugar ekki til við starf flokkunina. Helstu verkefni rafeindavirkja getur t.d. verið sala og ráðgjöf á tölvubúnaði til fyrirtækja og segir því starfsheitið eitt og sér takmarkaða sögu. Í sumum tilfellum getur starfsheiti verið mjög lýsandi eins t.d. sjúkrahúsprestur eða bensínafgreiðslumaður. Þá þarf ekki að spyrja frekar.
<b>Stýra verkum annarra starfsmanna</b>	Hér er átt við þá sem bera formlega ábyrgð á verkum annarra starfsmanna og skipuleggja verk þeirra. Stjórnun þarf þó ekki að vera eina verksvið viðkomandi, dæmi skipstjóri á línubát sinnir almennum störfum á bátnum samhliða stjórnun á mannskap og tækjum. Starfsheiti geta þó verið misvísandi. Dæmi: auglýsingastjóri sem ekki stýrir öðrum starfsmönnum innan fyrirtækisins ber ekki slíka ábyrgð.

## RÁÐNINGARSAMBAND

### C01) og C02) sleppt frá 18/3 '04

C01) Hve mörg ár hefur þú unnið hjá - fyrirtækinu/stofnuninni?

\_\_\_\_\_ Ef C01 minna en 1 ár þá C02

C02) Í hvaða mánuði byrjaðir þú hjá – fyrirtækinu/ stofnuninni?

- 1  janúar  
 2  febrúar  
 3  mars  
 4  apríl  
 5  maí  
 6  júní  
 7  júlí  
 8  ágúst  
 9  september  
 10  október  
 11  nóvember  
 12  desember

C05) Ertu ráðinn tímabundið?

- 1  Já .....C06  
 2  Nei .....D01

### C06) og C07) sleppt frá 18/3 '04

C06) Hvers vegna ertu ráðinn tímabundið?

- 1  Er verkefnaráðinn ..... C07  
 2  Er á verktakasamningi ..... C07  
 3  Er á námssamningi ..... D01  
 4  Er á reynslutíma ..... D01  
 5  Er í íhlaupastarfi ..... C07  
 6  Er í árstíðabundnu starfi ..... C07  
 7  Er í sumarstarfi ..... D01  
 8  Annað ..... C07

C07) Til hve langs tíma ertu ráðinn?

- 1  Skemur en einn mánuð  
 2  1 til 3 mánuða  
 3  4 til 6 mánuða  
 4  7 til 12 mánuða  
 5  13 til 18 mánuða ..... D01  
 6  19 til 24 mánuða ..... D01  
 7  25 til 36 mánuða ..... D01  
 8  Lengur en til 3ja ára ..... D01  
 9  Óljóst

### Tímabundin ráðning

Tímabundin ráðning á t.d. við um þá sem eru verkefnaráðnir. Ef ráðningasamningur er ekki með neinu ákvæði um að hann taki enda er hann ekki tímabundinn. Sumarstörf námsmanna eru oftast tímabundin.

## VINNUTÍMI Í AÐALSTARFI

Næstu spurningar eru um vinnutíma þinn í aðalstarfi.

D01) Hvað vinnur þú margar klukkustundir í venjulegri viku?

- 0  Óreglulegur vinnutími .....D01b  
 \_\_\_\_\_ klst. venjulegur vinnutími .....G01  
 Veit ekki .....D01c

D01b) Hvað af eftirtöldu á við um þig?

- 1  Vaktavinna vinnutími .....D01c  
 2  Íhlaupastarf/afleysingastarf .....D01c  
 3  Starf nýhafið .....D01c  
 4  Vinnutími sveigjanlegur .....D01c  
 5  Vinnutími mjög óreglulegur .....D01c  
 6  Ekkert af þessu .....D01c

D01c) Getur þú sagt á hvaða bili meðalvinnutíminn er á viku?

- 1  1-10 ..... D03  
 2  11-20 ..... D03  
 3  21-30 ..... D03  
 4  31-34 ..... **D02**  
 5  35-45 ..... D03  
 6  46-50 ..... D03  
 7  51-60 ..... D03  
 8  61+ ..... D03

<b>Vinnutími</b>	Með vinnutíma er átt við þann tíma sem fólk er í vinnunni, að meðtöldum kaffi- og yfirvinnutímum.
<b>Vinnutími bændu</b>	Gera verður skýran greinarmun á störfum vegna framleiðslunnar og annarra starfa. Matseld, umönnun barna og önnur heimilisstörf teljast ekki til vinnu. Til bústarfa teljast öll störf sem tengjast viðhaldi og nýtingu bústofs og jarðar, allt frá bókhaldi til mjalta og flórmoksturs.
<b>Vinnutími sjómanna</b>	Er sá tími sem þeir eru á vakt. Frívakttir teljast ekki til vinnutíma þó svo að þeir komist ekki burt af vinnustaðnum. Ath. að vinni þeir 6 + 6 tíma á sólarhring og með hafnarfrí 4 daga í mánuði þá er vinnutíminn 72 klst. á viku að jafnaði.



## AUKASTÖRF

Í næstu spurningum ætlum við að spyrja um aukastarf þitt.

**Ef A08=1 þá sp. G01**

G01) Ertu launþegi eða sjálfstætt starfandi ?

- 1  Launþegi .....G04  
 2  Sjálfstætt starfandi .....G02  
 3  Hvorugt .....G03

G02) Varstu með starfsmenn á launum í síðustu viku?

- 1  Já .....G02a  
 2  Nei .....G04

**G02a) sleppt frá 18/3 '04**

G02a) Hversu marga?

\_\_\_\_ Launaðir starfsmenn ..... G04

G03) Hvorugt nánar?

\_\_\_\_\_ Hvorugt nánar .....G04

**G04) sleppt frá 18/3 '04**

G04) Í hvaða sveitarfélagi vinnur þú?

\_\_\_\_\_  
 Sláðu inn leitartexta

G05) Hjá hvaða fyrirtæki vinnur þú?

\_\_\_\_\_ Nafn fyrirtækis

G06) Hver er starfsemi fyrirtækisins aðallega?

Flettu upp viðeigandi kóða með því að ýta á BILSTÖNG

**B06c) sleppt frá 18/3 '04**

B06c) Er fyrirtækið í eigu einhvers á heimilinu?

- 1  Já ..... G07  
 2  Nei..... G07

G07) Hvert er starfsheiti þitt í aukastarfinu?

\_\_\_\_\_

G08) Hver eru helstu verkefnin?

\_\_\_\_\_

G09) Hvað vannstu marga klukkutíma í aukastarfinu í síðustu viku? \_\_\_\_\_

**G10) sleppt frá 18/3 '04**

G10) Hversu reglulegt er aukastarfið?

- 1  Reglulegt  
 2  Tilfallandi  
 3  Árstíðabundið

**Ef D01 + G09 < 35=1 þá sp. D02**

D02) Nú vinnur þú minna en 30 stundir á viku, er þetta fullt starf (ef viðkomandi er í tveimur störfum er átt við vinnutímann samanlagðan í þeim báðum)?

- 1  Já ..... o01  
 2  Nei .....D01c

D01c) Hvað af eftirtöldu á við um þig?

- 1  Er í námi eða þjálfun ..... o01  
 2  Heilsufarið leyfir það ekki..... o01  
 3  Meiri vinna býðst ekki ..... o01  
 4  Vill ekki lengri vinnutíma ..... o01  
 5  Lítur á þennan vinnutíma sem fullt starf ..... o01  
 6  Þarf að sinna heimilisstörfum ..... o01  
 7  Aðrar ástæður ..... o01

### Aukastarf

Ef um fleiri en eitt aukastarf er um að ræða skal velja aðalaukastarfið. Spurningin um vinnutíma í aukastarfi vísar hins vegar til heildarvinnutíma í öllum aukastörfum. Launað aukastarf nær líka yfir störf sem þar sem tekjurnar koma með öðrum hætti, t.d. rekstrarhagnaði.

**Allar skilgreiningar að framan um aðalstarfið eiga hér við. Allar spurningarnar um vinnutíma í aukastarfi vísa til vinnutíma í síðustu viku.**

## REYNSLA Á VINNUMARKAÐI

Ef A03 svarað þá sp. I01 annars sp. o01

I01) Hefur þú verið á vinnumarkaði?

- 1  Já ..... J01  
2  Nei ..... o01

I02) og I05) sleppt frá 18/3 '04

I02) Hvaða ár varstu síðast í vinnu? \_\_\_\_\_

I05) Hver er aðal ástæða þess að þú hættir í síðasta starfi?

- 1  Var sagt upp starfi / fyrirtæki hætti rekstri ..... J01  
2  Var í tímabundnu starfi, þ.m.t. sumarstarf ..... J01  
3  Vegna verkefnaskorts ..... J01  
4  Fór á skóla ..... J01  
5  Vegna fæðingarorlofs / meðgöngu ..... J01  
6  Til að sinna börnum eða fjölskyldumeðlimum ..... J01  
7  Fór á eftirlaun ..... J01  
8  Vegna eigin veikinda eða fötlunar / öryrki ..... J01  
9  Annað ..... J01

J01) Varstu launþegi eða sjálfstætt starfandi?

- 1  Launþegi ..... J04  
2  Sjálfstætt starfandi ..... J02  
3  Hvorugt ..... J03

J02) Varstu með starfsmenn á launum í síðustu viku?

- 1  Já ..... J04  
2  Nei ..... J04

J03) Hvorugt nánar?

\_\_\_\_\_ Hvorugt nánar ..... J04

J04), J05), J06) og I09) sleppt frá 18/3 '04

J04) Í hvaða sveitarfélagi vannst þú?

\_\_\_\_\_ Sláðu inn leitartexta

J05) Hjá hvaða fyrirtæki vannst þú?

\_\_\_\_\_ Nafn fyrirtækis

J06) Hver er starfsemi fyrirtækisins aðallega?

\_\_\_\_\_ Flettu upp viðeigandi kóða með því að ýta á BILSTÖNG

J09) Var fyrirtækið í eigu einhvers á heimilinu?

- 1  Já ..... J07  
2  Nei ..... J07

J07) Hvert var starfsheiti þitt?

\_\_\_\_\_

J08) Hver voru helstu verkefnin?

\_\_\_\_\_

K01) Leitaðir þú að vinnu á síðustu fjórum vikum?

- 1  Já ..... K09  
2  Nei ..... K09

K09) Geturðu byrjað að vinna innan tveggja vikna?

- 1  Já ..... o01  
2  Nei ..... o01

<b>Fyrri reynsla á vinnumarkaði</b>	Hér má telja með vinnu í skólaleyfum og íhlaupastörf.
<b>Síðasta starf</b>	Allar skilgreiningar um starf hér að framan eiga við um síðasta starf.
<b>Aðal ástæða</b>	Margar ástæður geta átt við svaranda en spyrill á að reyna fá fram megin ástæðuna, það sem skipti mestu máli á sínum tíma.

## SKÓLAGANGA OG MENNTUN

o01) Varstu skráð/ur í skóla eða á námssamningi á síðustu 4 vikum?

- 1  Í skóla ..... o02a
- 2  Á námssamningi..... o03a
- 3  Bæði í skóla og á samningi ..... o02a
- 4  Hvorugt ..... P01

o02) Í hvaða skóla varstu og á hvaða sviði?

\_\_\_\_\_

Flettu upp viðeigandi kóða með því að ýta á BILSTÖNG

o03) Í hvaða iðngrein varstu á námssamningi?

\_\_\_\_\_

Flettu upp viðeigandi kóða með því að ýta á BILSTÖNG

P01) Hefurðu lokið námi eftir skyldunám?

- 1  Já ..... P03
- 2  Nei ..... P02

P02) Hvaða skólastigi hefurðu lokið?

- 1  < 12 ára. Engu eða yngra en 12 ára ..... P08
- 2  12-13 ára. Barnaskólapróf ..... P08
- 3  14-15 ára. Unglingapróf ..... P08
- 4  15-16 ára. Miðskólapróf / landsprófi ..... P08
- 5  15-16 ára. Grunnskólapróf ..... P08
- 6  16-17 ára. Gagnfræðapróf ..... P08
- 7  17+ ára. Amk ein önn í framhaldsskóla eða verknámi ..... P08

P03) Hvaða námi hefurðu lokið?

- 1  Gagnfræðapróf ..... P08
- 2  Stúdentspróf..... P07
- 3  Framhaldsmenntun / iðn- og starfs-  
menntun (ekki á háskólastigi) ..... P04
- 4  Háskólamenntun ..... P04
- 5  Önnur menntun ..... P04

P04) Í hvaða skóla og grein hefurður lokið námi?

\_\_\_\_\_

Flettu upp viðeigandi kóða með því að ýta á BILSTÖNG

**Ef P04=iðnmenntun þá P05**

P05) Hefurðu öðlast meistararéttindi?

- 1  Já ..... P05b
- 2  Nei..... P07

P05b) Laukstu námi úr meistaraskóla?

- 1  Já ..... P07
- 2  Nei ..... P07

**Þeir sem eru með próf á háskólastigi fá sp. P06**

P06) Hvaða prófgráðu hefurðu lokið?

- 1  Minna en BA eða sambæril. / án gráðu ..... P07
- 2  Stutt hagnýtt nám úr háskóla ..... P07
- 3  BA, BS, Bed eða sambærilegt ..... P07
- 4  Kandidats- / embættisprófi ..... P07
- 5  Masterspróf eða sambærilegt ..... P07
- 6  Doktorspróf eða sambærilegt ..... P07

P07) Hvaða ár laukstu þessu námi?

\_\_\_\_\_ Heil1

P08) Hefurðu lokið lengri starfstengdum námskeiðum?

- 1  Já ..... P09
- 2  Nei..... Heil1

P09) Hvaða námskeið?

\_\_\_\_\_

<b>Lokið nám</b>	Hér er ekki verið að leita eftir núverandi/yfirstandandi námi heldur því námi sem <b>lokið</b> er, þ.e. námi sem lokið er með burtfararprófi. Ekki er átt við námskeið eða styttra nám utans hins formlega skólakerfis eins og í spurningum hér að framan um námskeið og ráðstefnur.
<b>Lengri starfstengd námskeið</b>	Hér er einkum átt við 100 klst. starfsréttindanámskeið eða til að undirbúnings fyrir starf.

## HEILSA

Næst eru nokkrar spurningar um heilsufar þitt og not þín af heilbrigðisþjónustu

HV1) Hvernig meturðu heilsu þína almennt séð? Ertu við mjög góða, góða, sæmilega, slæma eða mjög slæma heilsu?

- 1  Mjög góða ..... HV2  
 2  Góða ..... HV2  
 3  Sæmilega ..... HV2  
 4  Slæma ..... HV2  
 5  Mjög slæma ..... HV2

HV2) Sleppt frá 18/3 '04

HV2) Tekurðu reglulega lyf við einhverjum sjúkdómi eða meiðslum?

- 1  Já ..... HV3  
 2  Nei..... HV3

HV3) Áttu við einhverja langvarandi vanlíðan, veikindi eða eftirköst eftir slys eða við fötlun að einhverju tagi að stríða? Með langvarandi er átt við ástand sem hefur varað í 6 mánuði eða lengur.

- 1  Já ..... HV4  
 2  Nei ..... HV4

HV4) Hamlar þetta ástand þér að miklu leyti, nokkru leyti eða ekki í daglegu lífi?

- 1  Að miklu leyti..... HV5  
 2  Að nokkru leyti..... HV5  
 3  Nei hamlar ekki ..... HV5

HV5a) Hefur þú á síðustu 12 mánuðum þurft að fara til læknis, sérfræðings eða njóta annarrar heilbrigðisþjónustu en ekki farið?

- 1  Já ..... HV5b  
 2  Nei ..... HV6a

HV5b) Hver var aðal ástæðan fyrir því að þú leitaðir þér ekki lækninga?

- 1  Hafði ekki efni / ráð á því, of dýrt  
 2  Biðlisti  
 3  Komst ekki frá vinnu eða börnum  
 4  Of langt ferðalag / Vantar samgöngur  
 5  Ótti við lækna / spítala / rannsóknir eða meðferðir  
 6  Vildi bíða og sjá hvort vandamálið lagaðist ekki af sjálfu sér  
 7  Vissi ekki um góðan lækni eða sérfræðing  
 8  Aðrar ástæður

HV6a) Hefur þú á síðustu 12 mánuðum þurft að fara til tannlæknis en ekki farið?

- 1  Já ..... HV6b  
 2  Nei..... HV7

HV6b) Hver var aðal ástæðan fyrir því að þú leitaðir ekki til tannlæknis?

- 1  Hafði ekki efni ráð á því, of dýrt  
 2  Biðlisti  
 3  Komst ekki frá vinnu eða börnum  
 4  Of langt ferðalag / Vantar samgöngur  
 5  Ótti við tannlækna  
 6  Vildi bíða og sjá hvort vandamálið lagaðist ekki af sjálfu sér  
 7  Vissi ekki um neinn tannlækni  
 8  Aðrar ástæður

HV7) Ef þú hugsar til síðustu 3 mánaða, hve marga daga varstu frá daglegum störfum þínum, hvort sem er frá vinnu eða námi, vegna veikinda?

\_\_\_\_\_ fjöldi daga..... HV8a

**Ef svarandi á barn/börn á heimili yngri en 13 ára þá spurt, annars fyrri hluta lokið.**

HV8a) Getur þú yfirleitt fengið frí frá vinnu ef barn veikist, án þess að af launum sé dregið?

- 1  Já ..... H8b  
 2  Nei ..... H8b  
 3  Hefur ekki reynt á það ..... H8b

HV8b) Ef þú hugsar til síðustu 3 mánaða, hve marga daga varstu frá daglegum störfum þínum, hvort sem er frá vinnu eða námi, vegna veikinda?

\_\_\_\_\_ fjöldi daga ..... fyrri hluta lokið

**“þurft að fara, en ekki farið”**

Athugið að bæði í spurningu Heil5a) og Heil6a) er verið að spyrja um hvort **hafi þurft að fara** til læknis eða tannlæknis, **en ekki farið!**

## SÍÐARI HLUTI - HEIMILISSVARANDI

### HVER SVARAR

Ef svarandi er yngri en 26 ára og foreldri/foreldrar á heimili þá spurt HS1) annars farið á HS5).

HS1) Næst koma spurningar um húsnæði, heimilisrekstur og um störf annarra heimilismanna. Treystir þú þér til að svara þeim spurningum eða viltu ná í mömmu þína eða pabba?

- 1  Treystir sér til að svara og viðtal heldur áfram..... HS5
- 2  Annar svarandi er ekki við ..... Viðtalsbókun
- 3  Nær í annan svaranda og viðtal heldur áfram..... HS2

HS2) Góða kvöldið / Góðan dag. Ég heiti ----- og hringi frá Hagstofu Íslands vegna rannsóknar á Lífskjörum Íslendinga. [. nafn .] lenti í úrtaki og fékk sent bréf fyrir skömmu þar sem þessi rannsókn er kynnt. Sástu bréfið?

- 1  Já ..... HS3
- 2  Nei ..... HS3

HS3) [. nafn .] er búin að svara spurningunum sem snúa að henni/honum en eftir stendur að svara spurningum um húsnæði, rekstur heimilisins og störf annara á heimilinu. Getur þú svarað þeim spurningum?

- 1  Já ..... HS4
- 2  Nei ..... HK1

HS4) Hvað heitir þú?

- 1 nöfn listuð upp,
- 2 - " -, o.s.frv. , ..... HK1

HS5) Næst koma spurningar um húsnæði, heimilisrekstur og um störf annarra heimilismanna. .... HK1

#### Viðtalsbókun

Farið nú í viðtalsbókun og bókið hentugan tíma fyrir seinna viðtalið? Spyrjið hvenær líklegast sé að ná í annan svaranda og nafn hans. Skráið nafnið nýs svaranda í viðtalsbókunina.

## HÚSNÆÐI, UMHVERFI OG HÚSNÆÐISKOSTNAÐUR

### HK1a) Í hvernig húsnæði býrðu / býið þið?

- 1  Einbýlishúsi ..... HK1b  
 2  Raðhúsi eða parhúsi ..... HK1c  
 3  2-5 íbúða húsi ..... HK1d  
 4  Fjölbýlishúsi ..... HK1e  
 5  Annars konar ..... HK1f

### HK1b) Í hvernig einbýli?

- 1  Einbýlishús, aðalíbúð ..... HK2a  
 2  Einbýlishús, aukaíbúð (kjallari o.s.frv. .... HK2a  
 3  Í herbergi eða hluti af óskiptri íbúð í einbýlishúsi ..... HK2a

### HK1c) Í hvernig raðhúsi?

- 1  Raðhús/parhús, aðalíbúð ..... HK2a  
 2  Raðhús/parhús, aukaíbúð (kjallari o.s.frv. .... HK2a  
 3  Í herbergi eða hluti af óskiptri íbúð í raðhúsi/parhúsi, ..... HK2a

### HK1d) Í hvernig íbúð?

- 1  2-5 íbúðahús, íbúð ..... HK1h  
 2  Í herbergi eða hluti af óskiptri íbúð í 2-5 íbúðahúsi ..... HK1h

### HK1e) Í hvernig íbúð?

- 1  Fjölbýlishús, með 6 eða fleiri íbúðum ..... HK1g  
 2  Í herbergi eða hluti af óskiptri íbúð í fjölbýlishúsi ..... HK1g

### HK1f) Hvers konar húsnæði er það?

Önnur tegund húsnæðis: ..... HK2a

### HK1g) Eru íbúðir í húsinu 10 eða fleiri?

- 1  Færri en 10 ..... HK1h  
 2  10 eða fleiri ..... HK1h

### HK1h) Hvert er númer íbúðarinnar eða staðsetning í húsinu?

Númer íbúðar: ..... HK2a

### HK2a) Hve mörg herbergi eru í húsnæðinu?

Fjöldi herbergna: ..... HK2b

### HK2b) Sleppt frá 18/3 '04

#### HK2b) Fylgir bílskúr eða stæði í bílskýli húsnæðinu?

- 1  Já, bílskúr  
 2  Já, bílskýli  
 3  Nei

**ef HK1a = 5 eða HK1b eða HK1c =3, HK1d eða HK1e =2 þá HK3a annars => HK3c.**

### HK3a) Fylgir íbúðinni/herberginu salerni sem aðeins þú/þið hefur/hafið aðgang að?

- 1  Já ..... HK3b  
 2  Nei ..... HK3b

### HK3b) Er baðkar eða sturta í húsnæðinu?

- 1  Já ..... HK4a  
 2  Nei ..... HK4a

### HK3c) Leigir þú/leigið þið út herbergi sem hefur sameiginlega inngang með þinn/lykkar íbúð?

- 1  Já ..... HK3d  
 2  Nei ..... HK4a

### HK3d) Fylgir leiguherberginu sérstakt salerni og eða sturta eða baðkar, þ.e. eingöngu fyrir leigjandann?

- 1  Já, sér salerni ..... HK4a  
 2  Já, sér sturta eða baðkar ..... HK4a  
 3  Bæði salerni og sturta eða bað ..... HK4a  
 4  Hvorugt ..... HK4a

<b>Númer íbúðar eða staðsetning</b>	Átt er við númer eins og t.d. 0201, sem þýðir íbúð nr. 2 á fyrstu hæð. Einnig er í lagi að skrifa "1. hæð til hægri" eða "3. hæð í miðið" allt eftir því hverju viðkomandi svarar.
<b>Fjöldi herbergja í íbúð</b>	Hér er átt við fjölda svefnherbergja og stofa sem eru 4 fermetrar að stærð eða stærri. Telja á með herbergi í kjallara og risi ef þau eru notuð sem vistarverur heimilisins. Ekki skal telja með eldhús, baðherbergi, salerni, anddyri, þvottaherbergi, geymslur eða bílskúr.

## HÚSNÆÐI, UMHVERFI OG HÚSNÆÐISKOSTNAÐUR FRH.

HK4a) Áttu í vandræðum með eitthvað af eftirfarnadi í húsnæðinu.....?

- 1  Þakleka ..... HK4b
- 2  Raka í veggjum eða gólfi ..... HK4b
- 3  Fúa í gluggum ..... HK4b
- 4  Fúa í veggjum eða gólfi ..... HK4b
- 5  Að halda nægilegum hita ..... HK4b
- 6  Ekkert af ofantöldu ..... HK4b

HK4b) Hvernig er dagsbirtan í húsnæðinu á björtum degi. Er hún nægileg, viðunandi eða og lítil?

- 1  Nægileg ..... HK4c
- 2  Viðunandi ..... HK4c
- 3  Of lítil ..... HK4c

HK4c) Verður þú fyrir óþægindum í húsnæðinu vegna hávaða, t.d. frá nágrönnum, umferð, skemmti-stöðum eða einhverri starfsemi?

- 1  Já ..... HK4d
- 2  Nei ..... HK4d

HK4d) Hvers konar hávaði?

- 1  Hávaði frá nágrönnum ..... HK4e
- 2  .....frá bílaumferð ..... HK4e
- 3  .....frá flugumferð ..... HK4e
- 4  .....frá skemmtistöðum ..... HK4e
- 5  .....frá atvinnustarfsemi ..... HK4e
- 6  Annars konar hávaði ..... HK4e

HK4e) ... en vegna mengundar t.d. ryks, reyks eða ólyktar frá umferð eða atvinnustarfsemi?

- 1  Frá umferð ..... HK4f
- 2  frá atvinnustarfsemi ..... HK4f
- 3  Hvorugt ..... HK4f

HK4f) ... en vegna skemmdarverka, ofbeldis eða ólöglegrar starfsemi af einhverju tagi í nágrenninu?

- 1  Skemmdarverka í nágrenni ..... HK5a
- 2  Ofbeldis ..... HK5a
- 2  Ólöglegrar starfsemi af einhverju tagi í nágrenninu ..... HK5a
- 3  Engum óþægindum ..... HK5a

HK5a) Er húsnæðið ykkar eigið, leiguhúsnæði eða embættisbústaður?

- 1  Eigið húsnæði ..... HK5b
- 2  Leiguhúsnæði ..... HK5d
- 3  Embættisbústaður, húsnæði sem fylgir starfinu ..... HK5d

HK5b) Hvaða ár var húsnæðið keypt?

Kaupár: ..... HK5c

HK5c) Hver eða hverjir eru skráðir eigendur húsnæðisins?

- 1  [ nafn ] heimilismaður 1 ..... HK7a
- 2  [ nafn ] heimilismaður 2 o.s.frv. .... HK7a
- 16  Annar eigandi ..... HK5ca

HK5ca) Hvað heitir sá sem er skráður eigandi að húsnæðinu?

Annar eigandi: ..... HK7a

HK5g) Hver eða hverjir eru skráðir leigutakar húsnæðisins?

- 1  [ nafn ] heimilismaður 1 ..... HK6a
- 2  [ nafn ] heimilismaður 2 o.s.frv. .... HK6a
- 16  Annar leigutaki ..... HK5ga

HK5ga) Hvað heitir sá sem er skráður leigutaki að húsnæðinu?

Annar leigutaki: ..... HK6a

HK6a) Hvers konar eigandi er að húsnæðinu?

- 1  Ríkisstofnun ..... HK6b
- 2  Sveitarfélag ..... HK6b
- 3  Félagasstofnun stúdenta ..... HK6b
- 4  Öryrkjabandalagið ..... HK6b
- 5  Búsetufélag (kaupleiguíbúð) ..... HK6b
- 6  Búmenn ..... HK6b
- 7  Skyldmenni / eða vinafólk ..... HK6b
- 8  Einkaaðili, óskyldur heimilismönnum ..... HK6b
- 9  Vinnuveitandi þó ekki ríki eða sveitarfélag ..... HK6b
- 10  Annar ..... HK6b

HK6b) og HK6c) sleppt frá 18/3 '04

HK6b) Er leigusamningurinn skriflegur?

- 1  Já ..... HK6c
- 2  Nei ..... HK6c

### Leiguhúsnæði

Leiguhúsnæði er húsnæði sem heimilismenn eru ekki eigendur að en hafa umráðarétt yfir tímabundið gegn peningagreiðslu og halda þar heimili. Þó afnotin séu án peningagreiðslu er húsnæðið samt talið leiguhúsnæði.

## HÚSNÆÐI, UMVERFI OG HÚSNÆÐISKOSTNAÐUR FRH.

HK6c) Til hve langs tíma er leigusamningurinn?

- 1  Ótímasettur ..... HK6d  
 2  Til skemmri tíma en 6 mánaða ..... HK6d  
 3  Til 6-12 mánaða ..... HK6d  
 4  Til 13-36 mánaða (2-3 ára) ..... HK6d  
 5  Til lengri tíma ..... HK6d

HK6d) Hversu mikið var greitt í húsaleigu fyrir síðasta mánuð?

Húsaleiga: ..... HK6e

HK6e) og HK6f) sleppt frá 18/3 '04

HK6e) Er húsaleigan vísitölutryggð?

- 1  Já ..... HK6f  
 2  Nei ..... HK6g

HK6f) Með hvaða vísitölu?

- 1  Neysluvísitölu ..... HK6g  
 2  Byggingarvísitölu ..... HK6g  
 3  Annari ..... HK6g

HK6g) Fékk einhver heimilismanna húsaleigubætur?

- 1  Já ..... HK6h  
 2  Nei ..... HK6j

HK6h) Hve mikið á mánuði?

Húsaleigubætur: ..... HK6j  
 ? "veit ekki" (ctrl-v) ..... HK6i

HK6i) Fara húsaleigubæturnar beint til leigusalans?

- 1  Já ..... HK6j  
 2  Nei ..... HK6j

HK6j) Er eitthvað af eftirfarandi innifalið í húsaleigunni?

- 1  Hiti í sameign ..... HK8a  
 2  Hiti í íbúð ..... HK8a  
 3  Rafmagn í sameign ..... HK8a  
 4  Rafmagn í íbúð ..... HK8a  
 5  Þrif í sameign ..... HK8a  
 6  Hússjóður ..... HK10a  
 7  Annað ..... HK8a  
 8  Ekkert af þessu ..... HK8a

HK7a) Hversu miklu hefur verið varið til viðhalds og endurbóta á húsnæði og eða lóð á síðustu 12 mánuðum?

"Viðhaldssjóður": ..... HK7b

HK7b) Eru einhver veðlán áhvilandi á húsnæðinu?

- 1  Já ..... HK8a  
 2  Nei ..... HK8a

ef HK1a = 1 (býr í einbílshúsi) => HK10a annars => HK8a

HK8a) Hve mikið var greitt í hússjóð eða bílskúrssjóð í síðasta mánuði?

Hússjóður: ..... HK8b  
 ef ekkert greitt skráið: 0 ..... HK9

HK8b) Er eitthvað af eftirfarandi innifalið í hússjóði?

- 1  Hiti í sameign ..... HK9  
 2  Hiti í íbúð ..... HK9  
 3  Rafmagn í sameign ..... HK9  
 4  Rafmagn í íbúð ..... HK9  
 5  Þrif í sameign ..... HK9  
 6  Viðhald ..... HK9  
 7  Húseigendatrygging ..... HK9  
 8  Rekstur bílskúra ..... HK9  
 9  Annað ..... HK9  
 10  Ekkert af þessu ..... HK9

<b>Lengd leigusamnings</b>	Frá upphafi samnings til leiguloka
<b>Frí húsaleiga</b>	Ef húsaleiga er frí þá skráið þá 0 í reitinn
<b>Húsaleigubætur til leigusala</b>	Viðkomandi svaraði að hann vissi ekki hverjar húsaleigubæturnar eru og þá gæti það verið vegna þess að húsaleigubæturnar fara beint til leigusalans. Því spurt um það.
<b>Viðhald og endurbætur</b>	Þetta er <b>fyrir utan</b> hússjóð eða framkvæmdasjóð. Athugið að hér er átt við 12 mánaða tímabil, þ.e. síðustu 12 mánuði.
<b>Veðlán</b>	Veðlán eru þau lán sem koma fram á veðbókarvottorði. Lán hjá Íbúðalánasjóði, Byggingarsjóði og öllum lífeyrissjóðum eru alltaf veðlán. Stærri lán í bönkum eru lang oftast veðlán. Ekki skiptir máli hvort veðlán sé á eign viðmælanda eða hvort hann hafi fengið lánað veð hjá vinum eða ættingjum.



## HÚSNÆÐI, UMHVERFI OG HÚSNÆÐISKOSTNAÐUR FRH.

HK9) Hversu mikið var greitt í framkvæmdasjóð í síðasta mánuði?

Framkvæmdasjóður: ..... HK10a

HK10a) Hvernig er húsnæðið hitað upp?

- 1  Hitaveita / fjarvarmveita ..... HK10b  
 2  Rafmagnshitun ..... HK10b  
 3  Olíukynding ..... HK10b  
 4  Annars konar húshitun ..... HK10b

ef HK5a = 2 eða 3 (leigjandi) og HK6j eða HK8b = 2 (húsitun er innifalin í leigu eða hússjóði) þá HK10c annars HK10b

HK10b) Hver er fjárhæð síðasta reiknings vegna húshitunar?

Kynding: ..... HK10c

ef HK5a = 2 eða 3 (leigjandi) og HK6j eða HK8b = 4 (rafmagn í íbúð er innifalið í leigu eða hússjóði) þá HK11a annars HK10c

HK10c) Hver er fjárhæð síðasta rafmagnsreiknings?

Rafmagnsreikningur: ..... HK11a

HK11a) Er kostnaður við rekstur húsnæðisins þung, nokkur eða engin fjárhagsleg byrði?

- 1  Þung byrði ..... HK11b  
 2  Nokkur byrði ..... HK11b  
 3  Engin byrði ..... HK11b

ef HK5a = 1 (eigandi) þá HK11b annars TV1

HK11b) Hvað heldurðu að sé greitt í leigu fyrir húsnæði eins og þitt á almennum markaði?

Leigumat: ..... H151

? "veit ekki" (ctrl-v) ..... H151

## EFNAHAGUR

TV1a) Hvað eru margir heimasímar eru á heimilinu?

Heimasímar: ..... TV1b

TV1b) Hvað eru margir farsímar eru á heimilinu?

Farsímar: ..... TV1c

TV1c) Hvað eru mörg sjónvörp á heimilinu?

Heimasímar: ..... TV1d

TV1d) Hvað eru margar tölvur á heimilinu?

Tölvur: ..... TV1f

TV1e) sleppt frá 18/3 '04

TV1e) Hvað eru margar tölvur eru tengdar Internetinu?

Internettengingar: ..... TV1f

TV1f) Er til þvottavél á heimilinu?

- 1  Já ..... TV1h  
 2  Já í sameign ..... TV1h  
 3  Já bæði í sameign og íbúð ..... TV1h  
 4  Nei ..... TV1h

TV1g) sleppt frá 18/3 '04

TV1g) Er uppþvottavél á heimilinu?

- 1  Já ..... TV1h  
 2  Nei ..... TV1h

TV1h) Hve margir bílar eru á heimilinu? Ekki á að telja vinnubíla með.

Bífreiðar: ..... TV2a

ef TV1a = 0

TV2a) Er ekki fastlínusími á heimilinu vegna þess að hann er of dýr eða af öðrum ástæðum?

- 1  Hef ekki ráð á, of dýrt  
 2  af öðrum ástæðum

ef TV1b = 0

TV2b) Er ekki farsími á heimilinu vegna þess að hann er of dýr eða af öðrum ástæðum?

- 1  Hef ekki ráð á, of dýrt  
 2  af öðrum ástæðum

### Heimasímar

Átt er við fastlínusíma ekki GSM. Þó svo mörg handfrjálstæki eru til við eina símstöð á heimilinu þá telst ein símstöð vera einn sími.

## EFNAHAGUR FRH.

### ef TV1c = 0

TV2c) Er ekki sjónvarp á heimilinu vegna þess að það er of dýrt eða af öðrum ástæðum?

- 1  Hef ekki ráð á, of dýrt
- 2  af öðrum ástæðum

### ef TV1d = 0

TV2d) Er ekki tölva á heimilinu vegna þess að hún er of dýr eða af öðrum ástæðum?

- 1  Hef ekki ráð á, of dýrt
- 2  af öðrum ástæðum

### TV2e) sleppt frá 18/3 '04

ef TV1d > 0 og TV1e = 0

TV2e) Er ekki internettingar á heimilinu vegna þess að hún er of dýr eða af öðrum ástæðum?

- 1  Hef ekki ráð á, of dýrt
- 2  af öðrum ástæðum

### ef TV1f = 4

TV2f) Er ekki þvottavél á heimilinu vegna þess að hún er of dýr eða af öðrum ástæðum?

- 1  Hef ekki ráð á, of dýrt
- 2  af öðrum ástæðum

### TV2g) sleppt frá 18/3 '04

ef TV1g = 2

TV2g) Er ekki uppþvottavél á heimilinu vegna þess að hún er of dýr eða af öðrum ástæðum?

- 1  Hef ekki ráð á, of dýrt
- 2  af öðrum ástæðum

### ef TV1h = 0

TV2h) Er ekki bíll á heimilinu vegna þess að hann er of dýr í rekstri eða af öðrum ástæðum?

- 1  Hef ekki ráð á, of dýrt
- 2  af öðrum ástæðum

Nú er komið að nokkrum spurningum um skuldir og afborganir.

TV3a) Eru þið með önnur lán en lán sem tekin hafa verið vegna kaupa á húsnæði?

- 1  Já ..... TV3b
- 2  Nei ..... TV4a

TV3b) Eru afborganir og vextir þeirra lána þung, nokkur eða engin fjárhagsleg byrði?

- 1  Þung byrði ..... TV4a
- 2  Nokkur byrði ..... TV4a
- 3  Engin byrði ..... TV4a

ef HK5a = 2 eða 3 (leigjendur) þá => TV4a ef HK5a = 1 (eigendur) þá => TV4b

TV4a) Hefur einhverntíma staðið þannig á síðustu 12 mánuði að þú/þið hafið ekki getað greitt á eindaga og þannig orðið í vanskilum með húsaleigu?

- 1  Já ..... TV4c
- 2  Nei ..... TV4c

TV4b) Hefur einhverntíma staðið þannig á síðustu 12 mánuði að þú/þið hafið ekki getað greitt á eindaga og þannig orðið í vanskilum með húsnæðislán?

- 1  Já ..... TV4c
- 2  Nei ..... TV4c

ef greiða í hússjóð (HK8a > 0) annars => TV4d

TV4c) Hefur einhverntíma staðið þannig á síðustu 12 mánuði að þú/þið hafið ekki getað greitt á eindaga og þannig orðið í vanskilum með hússjóð?

- 1  Já ..... TV4d
- 2  Nei ..... TV4d

TV4d) Hefur einhverntíma staðið þannig á síðustu 12 mánuði að þú/þið hafið ekki getað greitt á eindaga og þannig orðið í vanskilum með hita- eða rafmagnsreikninga?

- 1  Já ..... TV4e
- 2  Nei ..... TV4e

ef með önnur lán (TV3a = 1) annars => TV5a

TV4e) Hefur einhverntíma staðið þannig á síðustu 12 mánuði að þú/þið hafið ekki getað greitt á eindaga og þannig orðið í vanskilum með önnur lán en húsnæðislán?

- 1  Já ..... TV5a
- 2  Nei ..... TV5a

### Vanskil

Athugið að sá sem gleymdi að borga reikning á ekki að svara já hér aðeins þeir sem gátu ekki borgað.

## EFNAHAGUR FRH.

TV5a) Er mjög erfitt, erfitt, nokkuð erfitt, nokkuð auðvelt, auðvelt eða mjög auðvelt að ná endum saman með þeim tekjum sem eru til ráðstöfunar?

- 1  Mjög efritt ..... TV5b  
 2  Efritt ..... TV5b  
 3  Nokkuð efritt ..... TV5b  
 4  Nokkuð auðvelt ..... TV5b  
 5  Auðvelt ..... TV5b  
 6  Mjög auðvelt ..... TV5b

TV5b) Hverjar eru að þínum dómi lægstu nettó tekjur, það er tekjur eftir skatt, sem þú þarft/þið þurfið að hafa á mánuði til að ná endum saman, það er til að geta bæði staðið við skuldbindingar og lífað?

- Óskatekjur: ..... TV5c  
 ? "veit ekki" (ctrl-v) ..... TV5c

TV5c) Getur þú / getið þið mætt óvæntum útgjöldum?

- 1  Já ..... TV6a  
 2  Nei ..... TV6a

TV6a) Ef þú vildir / þið vilduð öll vill fara í einnar viku ferðalag innanlands á ári, getur þú / getið þið veitt ykkur það?

- 1  Já ..... TV6b  
 2  Nei ..... TV6b

TV6b) En ef þú vildir / þið vilduð öll vill fara í einnar viku ferðalag til útlanda?

- 1  Já ..... TV6c  
 2  Nei ..... TV6c

TV6c) Hefur þú / hafið þið ráð á kjöt- fisk- eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti fjórum sinnum í viku?

- 1  Já ..... TV7a  
 2  Nei ..... TV7a

**ef á heimili eru börn sem voru yngri en 18 ára þá => TV7a annars => TV8a**

TV7a) Fékk einhver heimilismanna greitt meðlag með barni/börnum yngra en 18 ára á síðasta ári? Það er á tímabilinu janúar til desember 2003.

- 1  Já ..... TV7b  
 2  Nei ..... TV8a

TV7b) Hve mikið á mánuði?

Meðlagsgreiðslur: ..... TV8a  
 ? "veit ekki" (ctrl-v) ..... TV7c

TV7c) Er þetta venjulegt/lögbundið meðlag, meira en það eða minna?

- 1  Venjulegt ..... TV8a  
 2  Meira en venjulegt ..... TV8a  
 3  Minna en venjulegt ..... TV8a

TV8a) Fékk einhver heimilismanna reglulegan fjárhagsstuðning frá öðru heimili á síðasta ári?

- 1  Já ..... TV8b  
 2  Nei ..... TV9a

TV8b) Hvað var sá stuðningur mikill yfir árið?

Hve mikið: ..... TV9a

TV9a) Greiddi einhver heimilismanna meðlag með barni/börnum yngri en 18 ára á síðasta ári? Það er á tímabilinu janúar til desember 2003.

- 1  Já ..... TV9b  
 2  Nei ..... TV10a

TV9b) Hve mikið á mánuði?

Hve mikið: ..... TV10a

TV10a) Greiddi einhver heimilismanna reglulegan fjárhagsstuðning til einhvers á öðru heimili á síðasta ári? Það er á tímabilinu janúar til desember 2003.

- 1  Já ..... TV10b  
 2  Nei ..... E02

TV10b) Hve mikið?

Hve mikið: ..... E02

<b>"vilja fara í ferðalag"</b>	Athugið að hér er ekki spurt hvort ætli í ferðalag (innanlands og erlendis), heldur hvort getir (hafi efni á) að fara öll ef vildu.
<b>reglulegur fjárhagsstuðningur</b>	Athugið, <b>verður að vera reglulegur</b> stuðningur og koma frá öðru heimili eða fara til annars heimilis. Á við tímabilið janúar til desember árið 2003. T.d. stuðningur frá foreldrum sem búa annarsstaðar til barna í námi.

## AÐRIR 16 ÁRA OG ELDRI Á HEIMILI STAÐA OG MENNTUN (SPURT UM HVERN OG EINN 16 ÁRA OG ELDRI)

### Loks nokkrar spurningar um stöðu fullorðna heimilisfólksins. Ef við byrjum á (.. “nafn”..) .....

E02) Nú ætla ég að spyrja þig um stöðu hans/hennar og fyrst er spurning um síðasta ár það er frá janúar til desember 2003. Var hún/hann í einhverri af eftirtöldum stöðum á árinu:

- |    |                          |   |      |
|----|--------------------------|---|------|
| 1  | <input type="checkbox"/> | Í fullu starfi (eingöngu).....                  | E03a |
| 2  | <input type="checkbox"/> | Í hlutastarfi (eingöngu).....                   | E03b |
| 3  | <input type="checkbox"/> | Í tveimur störfum samtímis.....                 | E03c |
| 4  | <input type="checkbox"/> | Í fæðingarorlofi .....                          | E03d |
| 5  | <input type="checkbox"/> | Atvinnulaus.....                                | E04  |
| 6  | <input type="checkbox"/> | Í námi .....                                    | E05a |
| 7  | <input type="checkbox"/> | Í fullu starfi og námi.....                     | E05b |
| 8  | <input type="checkbox"/> | Í hálfu starfi og námi.....                     | E05c |
| 9  | <input type="checkbox"/> | Lífeyrisþegi, elli- eða örorkulífeyrisþegi..... | E06a |
| 10 | <input type="checkbox"/> | Heimavinnandi .....                             | E06b |
| 11 | <input type="checkbox"/> | Veikur.....                                     | E06c |
| 12 | <input type="checkbox"/> | Annað .....                                     | E07  |

E03a) Í hve marga mánuði var hann/hún í fullu starfi?

\_\_\_ Í fullu starfi

E03b) Í hve marga mánuði var hann/hún í hlutastarfi?

\_\_\_ í hlutastarfi

E03c) Í hve marga mánuði var hann/hún í tveim störfum samtímis?

\_\_\_ Í tveim störfum samtímis

E03d) Í hve marga mánuði var hann/hún í fæðingarorlofi?

\_\_\_ Í fæðingarorlofi

E04) Í hve marga mánuði var hann/hún atvinnulaus?

\_\_\_ Atvinnulaus

E05a) Í hve marga mánuði var hann/hún í námi?

\_\_\_ Í námi

E05b) Í hve marga mánuði var hann/hún samtímis í fullu starfi og námi?

\_\_\_ Í fullu starfi og námi

E05c) Í hve marga mánuði var hann/hún samtímis í hlutastarfi og námi?

\_\_\_ Í hlutastarfi og námi

E06a) Í hve marga mánuði var hann/hún lífeyrisþegi?

\_\_\_ Lífeyrisþegi

E06b) Í hve marga mánuði var hann/hún heimavinnandi?

\_\_\_ Heimavinnandi

E06c) Í hve marga mánuði var hann/hún veikur og því ófær til vinnu?

\_\_\_ Ófær til vinnu

E07) Í hve marga mánuði stóð það?

\_\_\_ Mánuðir í öðru .....

E08) Hvað var það?

\_\_\_\_\_ Hvað annað

L01) Fékk hann/hún greiddan lífeyri á síðasta ári, það er frá janúar til desember, frá Tryggingarstofnun og / eða lífeyrissjóði? .....

- |   |                          |          |     |
|---|--------------------------|----------|-----|
| 1 | <input type="checkbox"/> | Já ..... | L02 |
| 2 | <input type="checkbox"/> | Nei..... | A02 |

L02) Hvort voru lífeyrisgreiðslurnar frá Tryggingarstofnun, lífeyrissjóði eða frá báðum stöðum? .....

- |   |                          |                         |     |
|---|--------------------------|-------------------------|-----|
| 1 | <input type="checkbox"/> | Tryggingarstofnun ..... | L04 |
| 2 | <input type="checkbox"/> | Lífeyrissjóði .....     | L03 |

L04) Í hve marga mánuði fékk hann/hún lífeyri frá Tryggingarstofnun?

\_\_\_ MánuðirTR .....

L03) Í hve marga mánuði fékk hann/hún lífeyri frá lífeyrissjóði?

\_\_\_ Mánuðir lífeyrissj .....

L05) Hvaða lífeyrir er það?

- |   |                          |                             |     |
|---|--------------------------|-----------------------------|-----|
| 1 | <input type="checkbox"/> | Endurhæfingarlífeyrir ..... | A01 |
| 2 | <input type="checkbox"/> | Örorkustyrkur.....          | A01 |
| 3 | <input type="checkbox"/> | Örorkulífeyrir.....         | A01 |
| 4 | <input type="checkbox"/> | Makalífeyrir.....           | A01 |
| 5 | <input type="checkbox"/> | Ellilífeyrir.....           | A01 |
| 6 | <input type="checkbox"/> | Annað .....                 | L06 |

L06) Hvað annað?

\_\_\_\_\_ Aðrar  
lífeyrisgreiðslur

### Staða á síðasta ári

Athugið að viðkomandi getur verið í fullu starfi í 12 mánuði, hlutastarfi í 3 mánuði og þess vegna í tveim störfum í 3 mánuði líka. Einnig gæti hann hafa verið 6 mánuði í skóla líka.

## AÐRIR 16 ÁRA OG ELDRI Á HEIMILI STAÐA OG MENNTUN FRH.

Nú koma spurningar um stöðu hans/hennar í dag.

A01) Var hann/hún að vinna fyrir launum í síðustu viku í eina klst. eða lengur?

- 1  Já ..... A02  
2  Nei ..... A02

A02) Var hann/hún einhverja daga fjarverandi frá vinnu í vikunni vegna veikinda, frídaga eða annarra hluta vegna?

- 1  Já ..... A08  
2  Nei ..... (ef A01 = 2 þá A03, en ef A01 = 1 þá A08)

A03) Lítur hann/hún aðallega á þig sem...

- 2  Námsmann ..... I01  
3  Hættan að vinna vegna aldurs ..... I01  
4  Öryrkja eða fatlaðan ..... I01  
5  Heimavinnandi án launaðrar vinnu ..... I01  
6  Í fæðingarorlofi ..... I01  
7  Atvinnulausan ..... I01  
8  Veikan eða tímabundið ófæran til vinnu ..... I01  
9  Annað ..... I01

A05) og A06) sleppt frá 18/3 '04

A05) Hvers vegna var hann/hún fjarverandi í síðustu viku?

- 0  Veður..... A08  
1  Minna að gera/verkefnaskortur ..... A08  
2  Vinnudeila ..... A08  
3  Skóli ..... A06  
4  Veikindi..... A06  
5  Fæðingar- og foreldraorlof ..... A08  
6  Frí ..... A08  
7  Vinnuskipti..... I01  
8  Árstíðabundið starf ..... A08  
9  Vinnuskipulag ..... A08  
10  Misjafnt að gera ..... A08  
11  Aðrar ástæður ..... A08  
Sláðu inn leitartexta (itarlegra val)

A06) Hvað var hann/hún marga daga frá vinnu vegna veikinda í síðustu viku?

..... Veikindadgar ..... A08

A08) Var hann/hún ráðinn í fleira en eitt starf í síðustu viku?

- 1  Já ..... B01  
2  Nei ..... B01

B01) Er hann/hún launþegi eða sjálfstætt starfandi?

- 1  Launþegi ..... B05  
2  Sjálfstætt starfandi ..... B02  
3  Hvorugt..... B04

<b>Síðasta vika</b>	Með síðustu viku er átt við síðustu 7 daga frá deginum í dag þegar þú ert að tala við viðkomandi. Með launum er átt við hverskonar atvinnutekjur
<b>Ekki vinna í A02</b>	Ef viðkomandi er yfir höfuð ekki í vinnu getur hann ekki verið fjarverandi frá vinnu í spurningu A02 og þá er svarað nei þar. En ef hann er fjarverandi frá vinnunni sinni einhverra hluta vegna þá er svarað já þar.
<b>Fjarvera frá vinnu</b>	Fólk telst tímabundið fjarverandi frá vinnu ef það er formlega ráðið í starf og eftirfarandi atriði eiga við: 4. Laun falla ekki niður þrátt fyrir fjarveru. 5. Hefur tryggingu fyrir því að geta gengið aftur í starf sitt eftir fjarveruna. 6. Þarf ekki að ganga í önnur störf fyrir atvinnurekandann.
<b>Launþegi</b>	Fær greitt frá öðrum aðila fyrir vinnu sína, hvort heldur sem er með launum eða fríðu. Gerviverktaki telst til launþega.
<b>Sjálfstætt starfandi</b>	Þeir sem reka fyrirtæki á eigin kennitölu eða í einkahlutafélagi sem þeir eða fjölskyldan þeirra eiga að mestu eða öllu leyti. Sömuleiðis þeir sem eiga í sameignarfélagum með öðrum, s.s. t.d. lögfræðingar á lögfræðistofu.  Forstjórar í hlutafélögum (ath. ekki einkahlutafélag) teljast launþegar, þó svo þeir eigi allt eða meirihluta hlutafjár.

## AÐRIR 16 ÁRA OG ELÐRI Á HEIMILI STAÐA OG MENNTUN FRH.

B02) Var hann/hún með starfsmenn á launum í síðustu viku?

- 1  Já ..... B05  
2  Nei ..... B05

B03) sleppt frá 18/3 '04

B03) Hversu marga?  
\_\_\_\_\_ Launaðir starfsmenn ..... B05

B04) Hvorugt nánar?  
\_\_\_\_\_ Hvorugt nánar ..... B05

B05) Í hvaða sveitarfélagi vinnur hann/hún? \_\_\_\_\_  
Sláðu inn leitartexta

B06) Hjá hvaða fyrirtæki vinnur hann/hún?  
\_\_\_\_\_ Nafn fyrirtækis

B07) Hver er starfsemi fyrirtækisins aðallega?  
\_\_\_\_\_

Flettu upp viðeigandi kóða með því að ýta á BILSTÖNG

B06a) sleppt frá 18/3 '04

B06a) Er fyrirtækið í eigu einhvers á heimilinu?  
1  Já ..... B09  
2  Nei ..... B09

B09) Hvert er starfsheiti hans/hennar?  
\_\_\_\_\_

B10) Hver eru helstu verkefni?  
\_\_\_\_\_

Ef B01=1 þá sp. B11

B11) Stýrir hann/hún venjulega, stundum eða aldrei verkum annarra starfsmanna?

- 1  Venjulega  
2  Stundum  
3  Aldrei

<b>Fjöldi starfsmanna á launum</b>	Hér á ekki að telja með ólaunaða fjölskylduhjálp.
<b>Nafn fyrirtækis</b>	Einungis er spurt um nafn fyrirtækis til að auðvelda atvinnugreinaflokkunina og er nafnið ekki notað til annarra hluta.
<b>Sveitarfélag</b>	Hér er átt við hvar viðkomandi vinnur en ekki hvar höfuðstöðvar fyrirtækisins eru. Dæmi: starfsmaður Landsbankans á Raufarhöfn vinnur á Raufarhöfn en ekki í Reykjavík þó höfuðstöðvar fyrirtækisins séu þar. Ef viðkomandi vinnur á mörgum stöðum ber að spyrja um bækistöð/aðalvinnustöð.
<b>Starfsemi fyrirtækisins/ Atvinnugreina-flokkun</b>	Ef um fleiri en einn vinnustað er að ræða skal miða við vinnustað svaranda. Vinnustaður er öll starfsemin á lóðinni, ekki bara deild viðkomandi. Dæmi: spyrill í þessari könnun nefnir starfsemi Hagstofunnar í heild sinni en ekki einungis könnunardeildar (þ.e. hagskýrslugerð).  Sé fyrirtækið með fjölpætta starfsemi sem nær yfir margar atvinnugreinar, er miðað við rekstrareiningu.
<b>Fyrirtæki í eigu einhvers á heimili</b>	Ef spyrill veit að fyrirtækið er ríkisstofnun, hlutafélag, sjálfseignarstofnun eða viss um að enginn á heimilinu eig það má sleppa að spyrja þessarar spurningar og svara nei.
<b>Starfsheiti</b>	Við starfaflokkun skiptir miklu máli að fá fram nákvæmt starfsheiti. Dæmi: umönnun aldraðra en ekki bara umönnun, kynningarfulltrúi en ekki bara fulltrúi, háseti á línubát en ekki bara sjómaður.
<b>Helstu verkefni / Starfslýsing</b>	Helstu verkefni í starfi eru grundvöllur starfaflokkunarinnar. Rafeindavirki getur sinnt mjög ólíkum störfum og starfsheitið eitt og sér dugar ekki til við starfaflokkunina. Helstu verkefni rafeindavirkja getur t.d. verið sala og ráðgjöf á tölvubúnaði til fyrirtækja og segir því starfsheitið eitt og sér takmarkaða sögu. Í sumum tilfellum getur starfsheiti verið mjög lýsandi eins t.d. sjúkarhúsprestur eða bensínafgreiðslumaður. Þá þarf ekki að spyrja frekar.
<b>Stýra verkum annarra starfsmanna</b>	Hér er átt við þá sem bera formlega ábyrgð á verkum annarra starfsmanna og skipuleggja verk þeirra. Stjórnun þarf þó ekki að vera eina verksvið viðkomandi, dæmi skipstjóri á línubát sinnir almennum störfum á bátnum samhliða stjórnun á mannskap og tækjum. Starfsheiti geta þó verið misvísandi. Dæmi: auglýsingastjóri sem ekki stýrir öðrum starfsmönnum innan fyrirtækisins ber ekki slíka ábyrgð.

## AÐRIR 16 ÁRA OG ELÐRI Á HEIMILI STAÐA OG MENNTUN FRH.

D01) Hvað vinnur hann/hún margar klukkustundir í venjulegri viku?

- 0  Óreglulegur vinnutími ..... D01b  
 klst. venjulegur vinnutími ..... G01  
 Veit ekki ..... D01b

D01b) Hvað af eftirtöldu á við um hann/hana?

- 1  Vaktavinna vinnutími ..... D01c  
 2  Íhlaupastarf/afleysingastarf ..... D01c  
 3  Starf nýhafið ..... D01c  
 4  Vinnutími sveigjanlegur ..... D01c  
 5  Vinnutími mjög óreglulegur ..... D01c  
 6  Ekkert af þessu ..... D01c

D01c) Getur þú sagt á hvaða bili meðalvinnutíminn hans/hennar er á viku?

- 1  1-10 ..... D03  
 2  11-20 ..... D03  
 3  21-30 ..... D03  
 4  31-34 ..... **D02**  
 5  35-45 ..... D03  
 6  46-50 ..... D03  
 7  51-60 ..... D03  
 8  61+ ..... D03

Í næstu spurningum ætlum við að spyrja um aukastarf hans/hennar.

**Ef A08=1 þá sp. G01**

G01) Er hann/hún launþegi eða sjálfstætt starfandi?

- 1  Launþegi ..... G04  
 2  Sjálfstætt starfandi ..... G02  
 3  Hvorugt ..... G03

G02) Var hann/hún með starfsmenn á launum í síðustu viku?

- 1  Já ..... G02a  
 2  Nei ..... G04

G02a) sleppt frá 18/3 '04

G02a) Hversu marga?

\_\_\_\_ Launaðir starfsmenn ..... G04

G03) Hvorugt nánar? .....

\_\_\_\_ Hvorugt nánar ..... G04

G04) sleppt frá 18/3 '04

G04) Í hvaða sveitarfélagi vinnur hann/hún? .....  
 Sláðu inn leitartexta

G05) Hjá hvaða fyrirtæki vinnur hann/hún?

\_\_\_\_ Nafn fyrirtækis

G06) Hver er starfsemi fyrirtækisins aðallega?

\_\_\_\_  
 Flettu upp viðeigandi kóða með því að ýta á BILSTÖNG

G02a) sleppt frá 18/3 '04

G06c) Er fyrirtækið í eigu einhvers á heimilinu?

- 1  Já ..... G07  
 2  Nei ..... G07

G07) Hvert er starfsheiti hans/hennar í aukastarfinu?

G08) Hver eru helstu verkefnin?

G09) Hvað vann hann/hún marga klukkutíma í aukastarfinu í síðustu viku?

Vinnutími: \_\_\_\_\_

<b>Vinnutími</b>	Með vinnutíma er átt við þann tíma sem fólk er í vinnunni, að meðtöldum kaffi- og yfirvinnutímum.
<b>Vinnutími bænda</b>	Gera verður skýran greinarmun á störfum vegna framleiðslunnar og annarra starfa. Matseld, umönnun barna og önnur heimilisstörf teljast ekki til vinnu. Til bústarfa teljast öll störf sem tengjast viðhaldi og nýtingu bústofns og jarðar, allt frá bókhaldi til mjalta og flórmoksturs.
<b>Vinnutími sjómanna</b>	Er sá tími sem þeir eru á vakt. Frivaktir teljast ekki til vinnutíma þó svo að þeir komist ekki burt af vinnustaðnum. Ath. að vinni þeir 6 + 6 tíma á sólarhring og með hafnarfrí 4 daga í mánuði þá er vinnutíminn 72 klst. á viku að jafnaði.
<b>Aukastarf</b>	Ef um fleiri en eitt aukastarf er um að ræða skal velja aðalaukastarfið. Spurningin um vinnutíma í aukastarfi vísar hins vegar til heildarvinnutíma í öllum aukastörfum. Launað aukastarf nær líka yfir störf sem þar sem tekjurnar koma með öðrum hætti, t.d. rekstrarhagnaði.

## AÐRIR 16 ÁRA OG ELDRI Á HEIMILI STAÐA OG MENNTUN FRH.

Ef A03 svarað þá sp. K01 annars sp. o01

K01) Leitaði hann/hún að vinnu á síðustu fjórum vikum?

- 1  Já ..... K09  
2  Nei ..... K09

K09) Getur hann/hún byrjað að vinna innan tveggja vikna?

- 1  Já ..... o01  
2  Nei ..... o01

o01) Var hann/hún skráð/ur í skóla eða á námssamningi á síðustu 4 vikum?

- 1  Í skóla ..... o02a  
2  Á námssamningi ..... o03a  
3  Bæði í skóla og á samningi ..... o02a  
4  Hvorugt ..... P01

o02) Í hvaða skóla var hann/hún og á hvaða sviði?

.....  
Flettum upp viðeigandi kóða með því að ýta á BILSTÖNG

o03a) Í hvaða iðngrein var hann/hún á námssamningi?

.....  
Flettum upp viðeigandi kóða með því að ýta á BILSTÖNG

P01) Hefur hann/hún lokið námi eftir skyldunám?

- 1  Já ..... P03  
2  Nei ..... P02

P02) Hvaða skólastigi hefur hann/hún lokið?

- 1  < 12 ára. Engu eða yngri en 12 ára ..... P08  
2  12-13 ára. Barnaskólapróf ..... P08  
3  14-15 ára. Unglingapróf ..... P08  
4  15-16 ára. Miðskólapróf / landsprófi ..... P08  
5  15-16 ára. Grunnskólapróf ..... P08  
6  16-17 ára. Gagnfræðapróf ..... P08  
7  17+ ára. Amk ein önn í framhaldsskóla eða verknámi ..... P08

P03) Hvaða námi hefur hann/hún lokið?

- 1  Gagnfræðapróf ..... P08  
2  Stúdentspróf ..... P07  
3  Framhaldsmenntun / iðn- og starfsmenntun (ekki á háskólastigi) ..... P04  
4  Háskólamenntun ..... P04  
5  Önnur menntun ..... P04

P04) Í hvaða skóla og grein hefur hann/hún lokið námi?

.....  
Flettum upp viðeigandi kóða með því að ýta á BILSTÖNG

**Ef P04=iðnmenntun þá P05**

P05) Hefur hann/hún öðlast meistararéttindi?

- 1  Já ..... P05b  
2  Nei ..... P07

P05b) Lauk hann/hún námi úr meistaraskóla?

- 1  Já ..... P07  
2  Nei ..... P07

**Þeir sem eru með próf á háskólastigi fá sp. P06**

P06) Hvaða prófgráðu hefur hann/hún lokið?

- 1  Minna en BA eða sambæril. / án gráðu ..... P07  
2  Stutt hagnýtt nám úr háskóla ..... P07  
3  BA, BS, Bed eða sambærilegt ..... P07  
4  Kandidats- / embættisprófi ..... P07  
5  Masterspróf eða sambærilegt ..... P07  
6  Doktorspróf eða sambærilegt ..... P07

P07) Hvaða ár lauk hann/hún þessu námi?

..... Heil1

P08) Hefur hann/hún lokið lengri starfstengdum námskeiðum?

- 1  Já ..... P09  
2  Nei ..... Heil1

P09) Hvaða námskeið?

.....

<b>Lokið nám</b>	Hér er ekki verið að leita eftir núverandi/yfirstandandi námi heldur því námi sem <b>lokið</b> er, þ.e. námi sem lokið er með burtfararprófi. Ekki er átt við námskeið eða styttra nám utans hins formlega skólakerfis eins og í spurningum hér að framan um námskeið og ráðstefnur.
<b>Starfsnámskeið</b>	Hér er einkum átt við 100 klst. starfsréttindanámskeið eða til að undirbúnings fyrir starf.



## BÖRN 12 ÁRA OG YNGRI

(SPURT UM HVERT OG EITT BARN 12 ÁRA OG YNGRA)

Ef börn 12 ára eða yngri á heimili annars => X01

Næst koma spurningar um hvar börnin eru á virkum dögum.  
Þau sem eru yngri en 13 ára 1. jánúar 2004

Barnið sem ég spyr um núna heitir [..Nafn..] (Barnið er .....  
ára)

Ef barn er 6 ára eða yngra => B1671

BG1) Hvar er [..Nafn..] venjulega á daginn?

- 1  Í grunnskóla eða forskóla ..... BG3
- 2  Hjá dagmömmu ..... BG4a
- 3  Á leikskóla ..... BG5
- 4  Hjá aðkeyptri gæslu t.d. húshjálpi eða  
Au-pair ..... BG7
- 5  Hjá foreldri sem er heima á daginn ..... BG9a
- 6  Hjá systkyni eldri en 12 ára ..... BG9a
- 7  Hjá systkyni yngri en 13 ára ..... BG9a
- 8  Öðrum ættingjum ..... BG8
- 9  Ein / einn ..... BG9a
- 10  Annað ..... BG9a

Ef barn er eldra en 6 ára => B1672

BG2) Hvar er [..Nafn..] venjulega á daginn?

- 1  Í grunnskóla eða forskóla ..... BG3
- 2  Hjá dagmömmu ..... BG4a
- 3  Í heilsdagsvistun eða á skólalagheimili ..... BG6
- 4  Hjá aðkeyptri gæslu t.d. húshjálpi eða  
Au-pair ..... BG7
- 5  Hjá foreldri sem er heima á daginn ..... BG9a
- 6  Hjá systkyni eldri en 12 ára ..... BG9a
- 7  Hjá systkyni yngri en 13 ára ..... BG9a
- 8  Öðrum ættingjum ..... BG8
- 9  Ein / einn ..... BG9a
- 10  Annað ..... BG9a

BG3) Hve margar klukkustundir á dag að meðaltali er [nafn] í  
skólanum

Klst. í skólanum: \_\_\_\_\_

BG4a) Hve margar klukkustundir á dag að meðaltali er [nafn]  
hjá dagmömmu

Klst. hjá dagm.: \_\_\_\_\_ BG4b

BG4b) Hefur dagmamman leyfi frá sveitarfélaginu eða  
félagsþjónustunni?

- 1  Já
- 2  Nei

BG5) Hve margar klukkustundir á dag að meðaltali er [nafn] í  
leikskóla

Klst. í leikskóla: \_\_\_\_\_

BG6) Hve margar klukkustundir á dag að meðaltali er [nafn] á  
heilsdagsskólanum / lengdu viðverunni

Klst. í lengd viðvera: \_\_\_\_\_

BG7) Hve margar klukkustundir á dag að meðaltali er [nafn]  
hjá húshjálpinni (Það er aðkeypta gælsan)

Klst. aðkeypt gæsla: \_\_\_\_\_

BG8) Hve margar klukkustundir á dag að meðaltali er [nafn]  
hjá ættingjum eða vinum)

Klst. ætting.vinum: \_\_\_\_\_

BG9a) Stundar [Nafn] íþróttæfingar eða einhverskonar  
sérnám, til dæmis í tónlistar- eða dansskóla?

- 1  Íþróttæfingar hvers konar ..... BG9b
- 2  Sérnám í tónlist, dansi eða þess háttar ..... BG9c
- 3  Ekkert af þessu ..... X01

BG9b) Hve margu klukkutíma að meðaltali á viku á æfingum?

Klst. íþróttæf: \_\_\_\_\_ X01

BG9c) Hve margu klukkutíma að meðaltali á viku í sérnámi?

Kls sérnám: \_\_\_\_\_ X01

**Hvar börn eru á virkum  
dögum**

Verið er að spyrja um hvar barnið er á virkum dögum. Athugið ekki um helgar

## NÚVERANDI HEIMILISFANG

X01) Búið þið / býrð þú enn að [skráð heimilisfang] í [sveitarfélag]?

- 1  Já ..... lokið  
 2  Nei ..... X02

X02) Í hvaða sveitarfélagi vinnur hann/hún?

Sláðu inn leitartexta \_\_\_\_\_

X04) Hvert er nýja heimilisfangið?

Gata og húsnúmer \_\_\_\_\_

### Gata og húsnúmer

Skráið nákvæmt götuheiti og íbúðarnúmer ef í fjölbýli. Þessar upplýsingar verða notaðar til að reikna út fasteignagjöldin.

ef í bylgju sem verður **ekki með aftur** á næsta ári (bylgja 1 árið 2004) þá **“Lokið 1”**, en ef í bylgju sem verður með aftur á næsta ári (bylgjur 2 til 4 árið 2004) þá **“Lokið 2”**

**“Lokið 1”** Þá er spurningunum lokið, þakka þér kærlega fyrir þátttökuna.

**“Lokið 2”** Þá er spurningunum lokið, þakka þér kærlega fyrir þátttökuna. Við munum hringja í þig aftur að ári liðnu en þá munu spurningarnar vera mun færri.

## Að taka viðtal

**Viðtalstækni** Til að spurningakönnun takist vel og veiti þær upplýsingar sem henni er ætlað þarf vandlegan undirbúning. Einn mikilvægasti þátturinn við spurningakannanir er spyrillinn. Engu máli skiptir hversu góð undirbúningsvinnan er að rannsókn ef gagnaöflun bregst. Spyrill safnar gögnum með viðtölum, skráir niður svör og sér um að þau séu fullnægjandi og greinargóð. Ábyrgð spyrilsins er því mikil. Hann þarf að fá þátttakendur til að svara, fá skýr og greinargóð svör við spurningunum og skrá svörin rétt niður. Yfirleitt bregðast viðmælendurnir vel við og eru tilbúnir til þess að taka þátt í rannsókninni en þó eru undantekningar á því. Ýmsir þættir hafa áhrif á hversu vel tekst að virkja þátttakendur og fá þá til að svara og einnig á gæði svaranna sem þeir gefa. Spyrillinn getur haft áhrif á marga þessara þátta. Helstu þættirnir eru:

1. Jákvætt andrúmsloft
2. Orðalag spurninga
3. Fullnægjandi svör
4. Skrásetning svara
5. Hlutleysi

Hér verður farið nánar í hvern þessara þátta.

**Jákvætt andrúmsloft** Fyrsta augnablikið eftir að samband næst við væntanlegan þátttakanda er mjög mikilvægt. Það ræðst oft á þessu augnabliki hver afstaða svarandans verður til rannsóknarinnar. Því er nauðsynlegt að reyna að skapa jákvætt andrúmsloft. Þeir þættir sem hjálpa við að skapa gott andrúmsloft eru meðal annars:

**Þættir sem skapa góð tengsl milli spyrils og svaranda**

- a. Svarandanum líkar vel við spyrilinn
- b. Virðing og jákvætt hugarfar til þeirrar stofnunar sem gerir rannsóknina
- c. Svarandinn lítur á sjálfan sig sem virkan þjóðfélagsþegn og geri þjóðfélaginu gagn með þátttöku í rannsókninni
- d. Forvitni og jafnvel einmanaleiki svarandans.

Þeir þættir sem vinna gegna því að svarandinn vilji taka þátt eru:

**Þættir sem letja svarandann frá þátttöku**

- a. Tímaskortur svarandans
- b. Áhyggjur svarandans af því að virðast illa að sér um þau mál sem spurt er um og verða sér til skammar
- c. Svarandinn er á móti þessari rannsókn eða rannsóknnum yfirleitt
- d. Áhyggjur svarandans af afleiðingum þess að taka þátt í rannsókninni.

Til þess að nýta sér jákvæðu þættina og gera sem minnst úr þeim neikvæðu ætti kynning og inngangur spyrilsins að vera stuttur og jákvæður. Í kynningunni á spyrillinn að vera kurteis, segja til nafns, frá hvaða stofnun hann er að hringja og rekja í stuttu máli viðfangsefni rannsóknarinnar. Til dæmis gæti kynningin í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar verið á þessa leið:

**Dæmi um hvernig gott er að kynna sig**

**Fyrir nýtt úrtak**

*Góðan dag/gott kvöld. Ég heiti Hansína og er að hringja vegna vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofu Íslands. Þér hefur verið sent bréf frá Hagstofunni þar sem rannsóknin er kynnt. Mætti ég spyrja þig nokkurra spurninga?*

**Fyrir eldra úrtak**

*Góðan dag/gott kvöld. Ég heiti ..... og er að leita aftur til þín vegna Vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofu Íslands. Mætti ég leggja fyrir þig nokkrar spurningar?*

Yfirleitt dugir stutt kynning og þá er haldið áfram með viðtalið. Ef viðmælandi hefur ekki fengið bréfið á að kynna efni þess stuttlega. Sýnishorn af bréfunum (2 gerðir) eru í möppunum.

- Svarandi fluttur** Ef svarandi hefur flutt, á að spyrja hvert, og hvort vitað sé um nýtt símanúmer eða heimilisfang. Það er síðan fært inn í tölvuna. Sjá nánar á blaði um símanúmer. Annars skal flokka viðkomandi sem þekkest ekki og skrá skýringu með.
- Ekkert samband / samband síðar** Athugið að gera greinarmun á því hvort ekki er svarað í símann eða hvort svarað er og viðkomandi er ekki heima, og þá skal skrá hvenær hægt væri að reyna aftur (setja upp viðtal). Oft hefur reynst erfitt að ná í sjómenn sem eru á sjó. Komi þeir heim áður en rannsókninni lýkur þá skal setja upp viðtal á tíma sem helst er hægt að ná í viðkomandi, eða reynt að ná í þá í farsíma ef hægt er. Ef ekki er unnt að ná í þá skal skrá þá fjarverandi ásamt athugasemd um að þeir séu úti á sjó og ekki í símasambandi. Í lok rannsóknarinnar verða þessir einstaklingar skoðaðir sérstaklega og reynt að spyrja maka þeirra eða nána ættingja styttri útgáfu af listanum.
- Tregur viðmælandi** Ef að viðmælandinn er í vafa um það hvort hann vilji taka þátt í rannsókninni, þá á að leggja kurteislega að honum að svara og reyna að gera honum grein fyrir mikilvægi þess að svör fáist við spurningunum þannig að rannsóknin komi að sem mestum notum. Rétt er að segja viðmælandanum að viðtalið taki aðeins stutta stund, bara sé spurt um vinnu og vinnutíma og að um nafnleynd sé að ræða. Nafn þátttakenda kemur hvergi fram í úrvinnslu og fer öll úrvinnsla fram á Hagstofunni þar sem allar upplýsingar sem gefnar eru úr rannsókninni eru í yfirlitstöflum þannig að ekki er hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda. Upplýsingarnar verða ekki notaðar í öðrum tilgangi en við úrvinnslu þessarar rannsóknar. Viðmælendum er frjálst að neita að svara einstökum spurningum, en mikilvægt er að sem flestir svari spurningunum.
- Ýmar erlendar rannsóknir sýna að fólk sem hefur ekki tíma til að taka þátt er líklegra til að **neita** heldur en að segja **nei, ekki núna**. Það er því mikilvægt að koma því að við viðmælanda að möglegt sé að hringja síðar þegar betur stendur á.
- Vingjarnlegur, kurteis, viðræðugóður og hlutlaus** Eftir að viðtalið er byrjað á spyrillinn að vera vingjarnlegur, kurteis, viðræðugóður og hlutlaus. Hugmyndin er sú að reyna að fá svarandann til þess að slappa af svo hann svari spurningunum. Til þess að ná sem bestum árangri þarf spyrillinn að þekkja vel allan spurningarlistann. Hann þarf að skilja spurningarnar og markmiðið með því að spyrja þeirra. Hann þarf einnig að þekkja vel alla svarmöguleika og þekkja spurningarnar það vel að hann geti spurt þeirra í samræðutón fremur en að lesa þær stíðlega og ópersónulega af spurningalistanum. Einnig þarf spyrillinn að þekkja röð spurninganna og mögulegar leiðir í gegnum spurningalistann þannig að hægt sé að forðast vandræðalegar þagnir.
- Þegar búið er að fara í gegnum allan spurningalistann með viðmælandanum er honum þakkað fyrir þátttökuna.

## 2. Orðalag spurninga

Mikilvægt er að spurningar séu orðaðar nákvæmlega eins og þær birtast á spurningarlistanum

Mikilvægt er að spurningar séu orðaðar nákvæmlega eins og þær birtast á spurningalistanum. Búið er að leggja mikla vinnu í að orða spurningarnar þannig að þær upplýsingar sem verið er að leita eftir að komi fram. Ef spurningar eru umorðaðar getur merking þeirra orðið önnur en til var ætlast í upphafi og því gefur svarið ekki rétta mynd af því sem verið er að leita eftir. Ekki er rétt að útskýra spurningar þar sem slíkar útskýringar eru ekki fyrir hendi. Ef viðmælandinn skilur ekki spurninguna á að endurtaka hana og útskýra þær þegar einhverjar útskýringar fylgja þeim á spurningalistanum. Einnig er gott að taka fram í athugasemd ef viðmælandinn skildi ekki einhverjar spurningar.

## 3. Fullnægjandi svör

Spyrillinn þarf að gera sér grein fyrir hvað átt er við með hverri spurningu til þess að fullnægjandi svör fái

Það virðist auðvelt í fyrstu að leggja spurningar fyrir viðmælendur og skrá síðan niður svörin en það að fá greinargóð og fullnægjandi svör er ekki eins auðvelt og það sýnist. Til þess að sem skýrust svör fái er mikilvægt að spyrillinn geri sér grein fyrir hvað átt er við með hverri spurningu og einnig að hann átti sig á spurningalistanum í heild. Spyrellinn verður að sjá um að fullnægjandi svar fái og því verður hann að gera sér ljóst hvenær svar er óljóst, of almennt o.s.frv. Þegar ekki fæst viðunandi svar verður spyrellinn að gæta þess að koma ekki með hugmyndir að svörum fyrir viðmælandann. Frekar á að reyna að fá viðmælandann til þess að hugsa sig betur um og svara síðan spurningunni. Þetta á einkum við í svokölluðum opnum spurningum og einnig þarf að gæta að mótsögnum í svörum viðmælandans.

## 4. Skrásetning svara

Hvorki sýna hneykslan né velþóknun

Spyrellinn á að skrá niður öll svör sem hann fær á hlutlausan hátt. Hann á aldrei að sýna hneykslan, velþóknun eða önnur viðbrögð við svörum viðmælandans. Hann á að sýna svörum viðmælandans áhuga án þess að láta sína skoðun í ljós. Einnig er mikilvægt að skrá svarið eins og svarandinn orðar það. Umorðun getur breytt merkingu svarsins.

## 5. Hlutleysi

Viðmót spyrils getur haft áhrif á svör viðmælandans

Með viðmóti sínu geta spyrjar haft áhrif á svör viðmælanda sína. Væntingar spyrilsins til svarandans (t.d. út frá kyni, búsetu, aldri, menntun o.s.frv) geta ómeðvitað haft áhrif á viðmót hans og þar með á svör viðmælandans. Svarandinn reynir stundum að gefa svör sem hann heldur að falli spyrilinum í geð og/eða eru félagslega viðurkennd. Með því að vera meðvitaður um þetta og reyna að gæta hlutleysis t.d. með almennum viðmótsreglum er hægt að minnka hættuna á þessu.

## Niðurlag

Eins og fram kemur í umfjölluninni hér á undan geta spyrjar haft gífurleg áhrif á þau gögn sem verið er að safna. Það er því mikilvægt að spyrellinn fari eftir þeim leiðbeiningum sem settar eru fram í upphafi og ef einhver vafaatriði koma upp þá skal bera þau undir umsjónarmennina. Auðvitað er ekki hægt að koma eins fram við alla viðmælendur en séu þessar leiðbeiningar hafðar að leiðarljósi ætti spyrilinum að ganga betur og hann ætti að fá áreiðanlegri svör.

Ekki er nokkur leið til þess að útskýra hvers vegna sumir spyrjar fá hreinlega aldrei neitanir. Sú leið hefur verið farin að láta reynda spyrja segja frá þeim leyndarmálum sem liggja á bak við góða svörun, en það hefur ekki skilað neinum árangri. Þeir spyrjar sem hafa lægst neitunarhlutfall virðast búa yfir einhverjum óljósum eiginleikum sem ekki er hægt að kenna. Þarna virðist ráða eitthvert samspil á rödd, sveigjanleika, persónutöfrum og meðfæddum eiginleikum sem auðvelda þessum spyrjum að fá viðmælandann til þess að svara.

Það er þó ljóst að ef þær leiðbeiningar sem hefur verið fjallað um hér á undan eru hafðar í huga þá mun spyrilinum ganga betur að eiga við “erfiða” viðmælendur og neitunum mun fækka.